



Árskóli í Skagafirði

Úttekt

Trausti Þorsteinsson
Unnar Þór Böðvarsson

Desember 2010
Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

© Trausti Þorsteinsson og Unnar Þór Böttvarsson, 2010.

Árskóli í Skagafirði. Úttekt.

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Á forsíðu er mynd fengin af heimasíðu Árskóla og sýnir friðarkeðju nemenda í upphafi aðventu. Nemendur flytja friðarljósið úr miðbæ Sauðárkróks upp á Nafirnar og tendra friðarljós á krossi ofan við bæinn.

Efnisyfirlit

Meginniðurstöður.....	4
Inngangur	5
Aðferð	6
Skólinn	7
Áherslur og stefna skólans	8
Rekstur og stjórnun	8
Lög og reglugerðir	11
Ytri tengsl.....	11
Starfsandi og skólabragur	12
Aðbúnaður.....	13
Samantekt og mat.....	14
Skólanámskrá.....	15
Tengsl skólanámskrár við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags.....	16
Sérstakar áherslur skólans.....	16
Aðrar áherslur	16
Kennsla	17
Námsmat	19
Tengsl skólastiga.....	21
Val í námi.....	21
Skólaþróun	23
Samantekt og mat.....	23
Innra mat	25
Fyrirkomulag og framkvæmd	25
Tengsl við skólanámskrá.....	26
Þátttaka nemenda og foreldra í innra mati	26
Mat á frammistöðu kennara	27
Samantekt og mat.....	27
Kennarar og annað starfsfólk	28
Menntun og endurmenntun	28
Skipulag skólastarfs	29
Námsmat	29
Námsárangur	29
Nemendur.....	30
Jafnrétti	30
Samantekt og mat.....	30
Nemendur.....	31
Líðan	31
Jafnrétti	31
Kennsla og námsmat	31
Samskipti við starfsfólk	32
Félags- og tómstundastarf í skólanum	32
Skólaráð og nemendaráð.....	33
Samantekt og mat.....	33
Þátttaka foreldra í skólastarfinu	35
Foreldrafélag	35
Þátttaka foreldra í skólastarfi og aðkoma að ákvarðanatöku	36
Afstaða til þjónustu við fjölskyldur nemenda með sérþarfir	36

Samantekt og mat.....	37
Sérfræðipjónusta sveitarfélagsins	38
Fræðslupjónusta Skagfirðinga	38
Skimun	39
Nemendaverndarráð.....	39
Eftirfylgni í framhaldi af greiningu.....	40
Ráðgjöf til kennara.....	40
Sjúkrakennsla.....	40
Skólaheilsugæsla.....	40
Samantekt og mat.....	41
Mat og eftirlit sveitarfélagsins	42
Áhersluatriði sveitarfélags í ytra mati.....	42
Umræða og tillögur til úrbóta	43
Tillögur að aðgerðum til úrbóta	45
Lokaorð.....	45
Heimildir	46

Myndir

Mynd 1: Þróun fjölda nemenda í Árskóla 2001–2009 (heimild: Hagstofa Íslands).....	7
Mynd 2: Skipurit Árskóla.....	9
Mynd 3: 29. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.....	15
Mynd 4: Markmið Árskóla (Árskóli, e.d.).....	16
Mynd 5: 36. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2010.....	25
Mynd 6: Gagnaöflun fyrir mat með Gæðagreinum.....	26
Mynd 7: 9. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.....	35

Töflur

Tafla 1: Fjöldi nemenda í árgangi haustið 2010.....	7
Tafla 2: Árangur Árskóla á samræmdum prófum í 4. bekk 2005–2010.....	19
Tafla 3: Framfarastuðlar og normaldreifðar einkunnir Árskóla 2005–2010.....	20
Tafla 4: Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum haust 2010.....	20
Tafla 5: Skipting vikulegra kennslustunda í Árskóla. Samanburður við viðmiðunarstundaskrá.....	22
Tafla 6: Starfsheiti og stöðugildi annarra starfsmanna Árskóla.....	28
Tafla 7: Styrkleikar og veikleikar í starfi Árskóla.....	44

Meginniðurstöður

Tekist hefur á árangursríkan hátt að sameina Barnaskólann á Sauðárkróki og Gagnfræðaskóla Sauðárkróks í eina stofnun, Árskóla.

Skólaráð hefur verið kosið á lýðræðislegan hátt við Árskóla en staða þess og hlutverk innan skólans er óljóst fyrir stjórnendum og einstökum fulltrúum ráðsins.

Árskóli býr við veruleg húsnaðisþrengsli og hluti húsnaðis skólans er algerlega ófullnægjandi.

Í Árskóla fer fram metnaðarfullt og árangursríkt skólastarf. Námsárangur nemenda virðist með ágætum og fjölbreytt þróunar- og umbótastarf á sér stað. Jákvætt andrúmsloft er í skólanum og góð samskipti milli nemenda og starfsfólks.

Árskóli á í góðum samskiptum við bæði leik- og framhaldsskóla auk þess að vera í góðu samstarfi við aðra skóla innan sveitarfélagsins.

Skólastjórar virðast hafa skarpa sýn á skilvirkt og árangursríkt skólastarf og er einkar lagið að virkja starfsfólk til samstarfs. Starfsfólki er sýnt traust og þeim er falin forysta og ábyrgð. Skýr verkaskipting er á milli stjórnenda og aðgangur starfsfólks að stjórnendum er opin og skólastjóri hvetjandi.

Ekki hefur verið lögð mikil vinna í að formgera útfærslu Árskóla á ákvæðum laga og aðalnámskrár grunnskóla um stefnu, markmið, inntak náms og námsmat og starfs hætti. Skólanámskrá sem slík uppfyllir ekki ákvæði laga um skólanámskrár og þá hefur skólinn ekki formgert starfsáætlun sína og birt.

Unnið er að þróun kennsluhátta í skólanum og aukinni fagmennsku meðal kennara.

Gríðarmikið starf hefur verið unnið í Árskóla við innleiðingu sjálfsmatsaðferða og hefur skólinn náð verulegum árangri við sjálfsmat sitt með notkun *Gæðagreina* sem skólinn ásamt Fræðsluþjónustu Skagfirðinga hafði forystu um að þýða.

Viðhorf nemenda til náms og kennslu í Árskóla eru jákvætt fyrir skólann. Almennt telja nemendur skólann sinn góðan, þeim líður þar vel og telja sig örugga í skólanum.

Skólinn leggur mikla áherslu á lífsleiknikennslu í skólanum þar sem nemendur fá góða fræðslu um jafnréttismál. Jafnframt vinnur skólinn markvisst að forvarnarstarfi og á í góðu samstarfi við foreldra, íþróttafélög og aðra aðila utan skóla í því sambandi.

Efnahagslegur samdráttur í samfélaginu hefur ekki enn haft áhrif á kennslu í Árskóla en hins vegar bitnar hann á minni aðföngum til skólans og þá hefur ekki verið ráðið í störf annars starfsfólks sem losnað hafa.

Inngangur

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir úttekt á Árskóla á Sauðárkróki í Sveitarfélaginu Skagafirði. Úttekt þessi var unnin að ósk mennta- og menningarmálaráðuneytisins og gerð á grundvelli 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á grunnskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólanna með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla.

Í maí 2010 birti mennta- og menningarmálaráðuneyti þriggja ára áætlun sína um ytra mat í framhaldsskólum, grunnskólum og leikskólum 2010–2012. Þar segir að skv. lögum hafi ráðherra eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög um grunnskóla, aðalnámskrá og reglugerðir kveða á um. Í áætlun ráðuneytisins segir enn fremur að n i ráð fyrir auknu ytra mati á starfsemi grunnskóla. Þessu hyggst ráðuneytið mæta með aukinni áherslu á stofnanaúttektir. Áætlað er það að árin 2010–2012 verði gerðar stofnanaúttektir á 18 grunnskólum.

Í ljósi þessarar áætlunar auglýsti mennta- og menningarmálaráðuneyti eftir sveitarfélögum sem áhuga hefðu á því að gerð yrði úttekt á starfi í grunnskólum þeirra. Lögð var áhersla á að afstaða skólastjóra viðkomandi skóla til úttektarinnar kæmi fram í umsókninni. Í auglýsingunni kemur fram að í úttektinni felist að utanaðkomandi aðili leggi mat á viðkomandi grunnskóla og starfi hans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Það verði m.a. gert með því að skoða fyrirbyggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknnum úttektaraðila og viðtölum við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra.

Nokkur sveitarfélög óskuðu eftir því að skólar þeirra fengju að vera þátttakendur í þessari úttektarlotu og þurfti ráðuneytið að velja þrjá skóla úr umsóknum. Í bréfi sem sent var til sveitarfélaga þeirra skóla sem urðu fyrir valinu segir að markmið úttektarinnar sé að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um grunnskóla, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Í úttektinni skuli m.a. leggja áherslu á stefnu og stjórnun, skipulag kennslu, innra mat, námskröfur, fyrirkomulag námsmats, val í námi og sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins. Úttektin skal einnig beinast að mati og eftirliti sveitarfélagsins með skólastarfi og hvernig það nýtist skólanum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Trausta Þorsteinssyni, lektor við Háskólann á Akureyri og Unnari Þór Böðvarssyni, fyrrverandi skólastjóra að annast úttektina. Skýrslan skiptist í tíu meginkafla sem hverjum er skipt niður í undirkafla og lýkur hverjum kafla með samantekt og mati skýrsluhöfunda. Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir aðferðum við gagnaöflun. Í öðrum kafla er fjallað um skólann og meginstefnu hans. Í þriðja kafla er fjallað um skólanámskrá skólans og í fjórða kafla um innra mat. Fimmti kafla fjallar um kennara og annað starfsfólk og sjötti kafla um nemendur. Í sjöunda kafla er fjallað um þátttöku foreldra í skólastarfinu, í áttunda kafla um sérfræðiþjónustu skólans og níunda kafla er gerð umfjöllun um mat og eftirlit sveitarfélagsins. Í tíunda og síðasta kaflanum eru svo dregnar fram meginniðurstöður höfunda og settar fram tillögur til úrbóta.

Aðferð

Í erindisbréfi sem úttekaraðilum var fengið frá mennta- og menningarmálaráðuneyti var við það miðað að úttektin yrði byggð á fyrirbyggjandi gögnum tengdum starfsemi skólans, viðtölum og skólaheimsóknum. Í upphafi úttektarinnar var skólastjóra sent bréf þar sem greint var frá úttektinni og óskað eftir því að hann sendi eftirfarandi gögn.

- Skólanámskrá.
- Starfsáætlun
- Ársskýrsla skóla – sjálfsmatsskýrsla.
- Nemendafjöldi 15. september 2010, skipt eftir árgöngum.
- Starfsmannafjöldi, starfsheiti og starfshlutfall
- Skipurit skólans.
- Upplýsingar um öryggisnefnd og helstu verkefni.
- Upplýsingar um valgreinar.
- Skólaráð, skipan, kjör og helstu verkefni þess.
- Lög foreldrafélags og helstu verkefni.

Gerðar voru tvær heimsóknir í skólana og tekin viðtöl, gengið um húsnæði skólans og fylgst með vinnu nemenda. Viðtöl voru tekin við skólastjóra í tvígang auk þess sem tekin voru rýnihópaviðtöl við eftirfarandi aðila:

- Fræðslustjóri og skólanefnd
- Fulltrúar kennara, tveir af hverju skólastigi auk tveggja kennara sem kenndu þvert á stig.
- Deildarstjórar
- Kennarar í sérkennslu og námsveri
- Fimm fulltrúa annars starfsfólks (húsvörður, skólaliðar, starfsfólk í mötuneyti og stuðningskennara)
- Nemendaráð
- Stjórn foreldrafélags

Leitað var heimildar viðmælenda til að hljóðrita viðtölin og auðveldaði það úrvinnslu. Öllum viðmælendum var heitið trúnaði, þeir ekki nafngreindir og ekki er vitnað í einstaklinga úr rýnihópum einungis sagt frá hvað þar kom fram. Öllum hljóðskráum verður eytt að úttekt lokinni.

Auk ofangreindra gagna var stuðst við eftirtalin gögn (sjá nánar í heimildaskrá):

- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti 2006
- Fagmennska kennara. Þróunarverkefni í Árskóla skólaárið 2009–2010
- Gæðagreinar II
- Gögn frá Hagstofu Íslands um fjölda nemenda og íbúa.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2010.
- Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndrarráð í grunnskólum nr. 584/2010.
- Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2010
- Skólastefna Sveitarfélagsins Skagafjarðar
- Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2009.

Skólinn

Árskóli á Sauðárkróki var stofnaður árið 1998 með sameiningu Barnaskóla Sauðárkróks og Gagnfræðaskóla Sauðárkróks. Það sama ár sameinaðist Sauðárkróksbær 10 öðrum sveitarfélögum í Skagafirði í eitt sveitarfélag, Skagafjörð, og er Árskóli einn þriggja skóla í hinu víðfeðma sveitarfélagi og þeirra fjölmennastur.


Skólinn hefur til umráða tvö hús, gamla barnaskólahúsið við Freyjugötu, en það var byggt árið 1947 og húsnæði gamla Gagnfræðaskólans við Skagfirðingabraut. Við Freyjugötu fer fram kennsla 1.–3. bekkjar en 4.–10. bekkjar við Skagfirðingabraut. Haustið 2001 var tekin í notkun nýbygging við Árskóla við Skagfirðingabraut með 8 kennslustofum og 3 sérkennslustofum. Auk þess var miðrymi skólans breytt og útbúin betri aðstaða fyrir starfsfólk og skrifstofu skólans. Ráðert er að sameina allan skólann undir einu þaki við Skagfirðingabraut og liggja fyrir teikningar að viðbótarhúsnæði þar en gamla barnaskólahúsið við Freyjugötu er orðið gamalt og hentar illa fyrir starfsemi skólans eins og hún er í dag.

Þann 15. september s.l. voru nemendur í Árskóla samtals 404 og skiptust á bekki sem hér segir (Tafla 1):

Tafla 1: Fjöldi nemenda í árgangi haustið 2010.

Bekkur:	Fjöldi nem.
1. bekkur	43
2. bekkur	25
3. bekkur	44
4. bekkur	33
5. bekkur	45
6. bekkur	50
7. bekkur	36
8. bekkur	39
9. bekkur	35
10. bekkur	52
Samtals:	402

Á liðnum áratug hefur nemendum í Árskóla fækkað um 12,36% (Mynd 1).



Mynd 1: Þróun fjölda nemenda í Árskóla 2001–2009 (heimild: Hagstofa Íslands).

Flestir voru nemendur árið 2002 eða 465 nemendur en fæstir voru þeir árið 2007 eða 399. Þótt heldur hafi fjölgað tvö síðustu ár eru ekki líkur á því að fjölgi í skólanum á næstu árum því meðalfjöldi nemenda í hverjum árgangi í leikskóla er lægri (34,7 nemendur) en meðalfjöldi sex yngstu árganga grunnskólans (39,3 nemendur). Ef aldursárgangur 20–40 ára fólks á Sauðarkróki á sama tímabili er skoðaður kemur í ljós heldur meiri fækkun í þeim árgöngum en meðal grunnskólana eða um 13,7% á tímabilinu.

Við skólann er starfrækt skólavistun fyrir 1.–3. bekk, Árvist tólmstundaskóli. Árvist er opin alla virka daga frá því kennsludegi lýkur til kl. 17:00. Virka daga í jóla- og páskafríum, á starfsdögum og í vetrarfríum skólans er opið frá kl. 8:00–17:00.

Áherslur og stefna skólans

Af hálfu skólayfirvalda í Skagafirði er lögð áhersla á uppbyggingu námssamfélags, þar sem leik-, tónlistar- og grunnskólar sveitarfélagsins ásamt Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra (FNV), Farskólanum-símenntunarmiðstöð og Háskólanum á Hólum mynda stöðir sem hver vinna á sínu sviði en í góðu samstarfi hver við aðra. Árið 2008 var samþykkt skólastefna Skagafjarðar þar sem svohljóðandi framtíðarsýn er kynnt:

Skólar í Skagafirði verði framsækin og metnaðargjörn skólasamfélög. Þeir bjóði upp á kjörumhverfi til náms í góðu samstarfi við heimilin og grenndarsamfélagið, þar sem nemendur öðlist þroska og menntun við hæfi.

Í skólanámskrá er stefna Árskóla kynnt. *Lifa – læra – leika* eru einkunnarorð skólans og segir í skólanámskrá að leitast sé við að hafa þau að leiðarljósi í öllu skóla-starfinu. Fimm meginmarkmið skólastarfsins eru kynnt og á eftir hverju markmiði er greint frá leiðum að markmiðunum. Að sögn skólastjóra var stefna skólans unnin á starfsmannafundi fyrir nokkrum árum og hún síðan endurskoðuð nokkru síðar. Foreldrar komu ekki að þessari stefnumótun.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er kveðið á um að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skuli setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Árskóli hefur ekki mótað slíka stefnu og ekki er vikið að kynjum eða ólíkri stöðu þeirra í skólanámskrá. Í skólanámskrá er vísað til starfsmannastefnu sveitarfélagsins en þar segir að starfsfólkið sé ein mikilvægasta auðlind sveitarfélagsins. Þar segir ennfremur:

Vinnustaðir sveitarfélagsins eru fjölbreyttir og starfsmenn búa við margskonar sammingsbundin starfskjör. Ætlunin er að jafna aðstöðu og aðbúnað starfsmanna, koma í veg fyrir misræmi, auka réttlæti og skapa grundvöll fyrir að allir starfsmenn geti litið á sig sem heild og þeir geti verið stoltir af því að kalla sig starfsmenn sveitarfélagsins (Skagafjörður, 2009).

Í markmiðum skólans kemur hins vegar fram sú áhersla að til að gefa *öllum* nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni sé beitt fjölbreyttum náms- og kennsluáferðum sem höfða til mismunandi þroska, áhuga og getu nemendanna, að auka sjálfstæði nemenda í námi og starfi með fjölbreyttum einstaklings og hópverk-efnum, hvatningu og hrósi og að búa nemendur undir virka þátttöku í þjóðfélaginu með yfirgripsmikilli lífsleiknikennslu og vel skipulagðri náms- og starfsráðgjöf.


Rekstur og stjórnun

Árskóli er einn af þremur grunnskólum í Sveitarfélaginu Skagafirði. Fræðslunefnd fer með málefni grunnskólanna en hana skipa þrír aðalmenn, kjörnir af sveitarstjórn og

jafnmargir til vara. Jafnframt því að sitja í skólanefnd eru þeir aðalmenn eða varamenn í sveitarstjórn Skagafjarðar. Fræðslunefnd fer með verkefni grunnskóla samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008, verkefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, verkefni tónlistarskóla samkvæmt lögum um stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, verkefni framhaldsskóla samkvæmt ákvæðum framhaldsskólalaga nr. 92/2008 auk samstarfs við menntastofnanir, fullorðinsfræðslu og endurmenntun. Fræðslustjóri er starfsmaður fræðslunefndar og jafnframt yfirmaður fræðsluþjónustu.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að við grunnskóla skuli vera skólastjóri sem er forstöðumaður skólans, stjórnar honum og veitir faglega forystu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Hann gerir tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskólanum með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Skólastjóri ákveður verksvið annarra stjórnenda skólans og skal einn þeirra vera staðgengill skólastjóra. Í skólanámskrá Árskóla liggja fyrir starfslýsingar alls starfsfólks skólans.

Stjórnunaruppbygging Árskóla virðist með nokkuð hefðbundnu sniði í skóla af þessari stærð. Auk skólastjóra er aðstoðarskólastjóri sem jafnframt er staðgengill skólastjóra en báðir eru þeir í 100% stjórnunarstarfi. Í kennarahandbók liggur fyrir skipurit Árskóla (Mynd 2).



Mynd 2: Skipurit Árskóla.

Skólanum er skipt í þrjú stig, yngsta stig (1.–3. bekkur), miðstig (4.–7. bekkur) og elsta stig (8.–10. bekkur) og er deildarstjóri skipaður fyrir hvert stig, en þeir eru jafnframt umsjónarkennarar með einum bekk á stiginu. Auk þeirra þriggja er settur deildarstjóri fyrir námsver (sérdeildar) skólans og deildarstjóri fyrir sérkennslu. Við skólann er starfræktur heilsdagsskólinn *Árvist*, sem býður börnum upp á vistun að loknum skólatíma, og stýrir deildarstjóri því starfi. Stjórnunarumfang hvers deildarstjóra er metið til 50% starfs. Í skólanum eru 10 árgangastjórar og hefur hver einn launaflokk úr potti, auk tilfallandi yfirvinnu. Hlutverk árgangastjóra er að efla samstarf og samvinnu kennara sem kenna árganginum og samræma vinnubrögð. Þeir hafa heildarsýn yfir allt námsefni í bekknum og sjá um samræmingu á yfirferð, skipulag efnis og niðurröðun námsþátta á skólaárið. Í kennarahandbók liggur fyrir nánari útlíting á verksviði árgangastjóra (Árskóli, e.d.). Í Árskóla eru skipaðir

fagstjórar í flestum greinum. Þeir fá greitt skv. vinnuframlagi, þ.e. þeir leggja áætlun fyrir skólastjóra og fá síðan greitt eftir að hafa skilað skýrslu um starfið. Fagstjórar hafa heildarsýn yfir námsefni og vinnubrögð í sinni grein og stuðla að samfellu náms frá 1. bekk til 10. bekkjar. Gert er ráð fyrir að fagstjóri fundi með skólastjórn að minnsta kosti tvisvar á ári.

Mikið er lagt upp úr samræðu starfsmanna skólans og að fundað sé í öllum lögum stjórnkerfisins. Skólastjórnarfundir eru haldnir vikulega en þá fundar skólastjóri með aðstoðarskólastjóra og deildarstjórum. Á þeim fundum er fjallað um mál er snerta skólastarfið og stigsfundir, kennarafundir og starfsmannafundir undirbúnir. Stigsfundir eru haldnir vikulega en kennarafundir einu sinni í mánuði. Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni á mánuði og mæta þar allir starfsmenn skólans. Fundargerðir allra funda eru aðgengilegar starfsmönnum skólans. Kennarar sem kenna sama fag í sama árgangi funda vikulega og skipuleggja kennsluna, nemenda-verndarráðsfundir eru haldnir vikulega, skólaliðar funda vikulega og stuðningsfulltrúar og forstöðumaður námsvers funda einu sinni í viku.

Almennt virðast kennarar ánægðir með stjórnun skólans. Í könnun sem gerð var meðal starfsmanna skólans í maí 2007 segjast um 95% starfsmanna mjög eða fremur sáttir við stjórnun skólans. Í könnuninni kemur fram að starfsmenn eru yfirleitt mjög sáttir við flest atriði er lúta að stjórnun skólans (Árskóli, 2007). Í viðtölum við kennara og annað starfsfólk staðfestist þetta. Þeir segja stjórnendur mjög styðjandi við faglegt starf í skólanum og auðvelt sé að bera upp hugmyndir við þá. Þeir hlusti vel og taki öllum hugmyndum vel. Þeir segja verkaskiptingu skýra og hún sé öllum starfsmönnum ljós. Stjórnendur leggja sig alla fram um að móta faglega heild meðal starfsfólks.

Í könnun sem gerð var meðal nemenda í 4., 7. og 10. bekk í maí 2010 voru nemendur spurðir út í samskipti sín við skólastjórnann. Þar kemur í ljós að fjórðungur nemenda segist nánast aldrei hitta skólastjórnann og sama hlutfall segist hitta hann einu sinni eða tvisvar í mánuði (Árskóli, 2010a). Af þessu að dæma virðist skólastjóri ekki mjög sýnilegur nemendum innan skólans. Í viðtali við nemendur kváðust þeir fremur leita til deildarstjóra en aðstoðarskólastjóra eða skólastjóra, ef þeir þyrftu að ná til stjórnenda skólans. Kváðu þeir skólastjóra einstaka sinnum koma í heimsókn í kennslustundir, þá oftast með tilkynningar til nemenda og kennara fremur en til að fylgjast með því sem fram færi í skólastofunni. Hins vegar væru skólastjórar oft sýnilegir á göngum og tækju nemendur þar tali sem nemendum finnst vera mikilvægt. Eftirtektarvert var, þegar gengið var um skólann, hversu gott samband skólastjóri hafði við nemendur á öllum stigum. Í samtali við skólastjóra kvað hann að skólastjóri og aðstoðarskólastjóri færu í skipulegar heimsóknir í skólann við Freyjugötu og gerðu sér far um að vera sýnileg þar ekki síður en í skólanum við Skagfirðingabraut.

Skólaráð hefur verið kosið í Árskóla skv. 8. gr. laga um grunnskóla og skipa það níu manns fimm konur og fjórir karlar. Ásamt skólastjóra skipa það tveir fulltrúar foreldra sem kjörnir eru á aðalfundi foreldrafélagsins auk þess sem stjórn foreldrafélagsins skipar fulltrúa grenndarsamfélags. Formaður nemendaráðs situr í skólaráði en annar fulltrúi nemenda kemur úr hópi 9. bekkjar og er hann kosinn af þeim. Tveir fulltrúar kennara og einn fulltrúi annars starfsfólks eru kosnir á starfsmannafundi. Fundi skólaráðs situr einnig aðstoðarskólastjóri.

Skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008 tekur skólaráð þátt í stefnumörkun fyrir skóla og mótun sérkenna hans. Árlega skal skólaráð fá til umsagnar skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Hins vegar er ekki að sjá af fundargerðum ráðsins að skólanámskrá hafi verið til umfjöllunar í skólaráði og staðfesti skólastjóri að svo hefði ekki verið. Hins vegar kemur

fram að ráðið fjallaði um starfsáætlun og skóladagatal og aðbúnað skólans. Í árskýrslu skólans 2009–2010 segir að skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fundi að jafnaði mánaðarlega með skólaráði og kynni þeim áætlanir skólans og fjalli um skólastarfið.

Fundargerðir ráðsins eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Síðasta fundargerð ráðsins er frá 25. maí 2010 en enginn fundur hefur verið haldinn í ráðinu á þessu skólaári. Af fundargerðum að ráða virðist að enn séu stjórnendur að fikra sig áfram með hlutverk skólaráðs og finna hvernig það helst á að virka.

Lög og reglugerðir

Í samtali við fræðslustjóra og skólanefnd kom fram að starfsfólk Árskóla er í innleiðingarfasa við ákvæði nýrra laga. M.a. væri unnið að gerð móttökuáætlunar, unnið væri að auknu lýðræði í skólastarfinu, skólaráð hefði tekið til starfa og fleira væri í farvatninu. Stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk skólans væri sér meðvitað um ýmislegt sem kveðið væri á um í lögum og ætti enn eftir að innleiða í starf skólans. Taldi fræðslustjóri að almennt væri skólinn í takti við áherslur laga og reglugerða. Mikil áhersla er lögð á lífsleikni í skólanum og til dæmis um það fá nemendur fast að helmingi fleiri tíma á viku hverri á 10 ára skólagöngu en mælt er fyrir um í viðmiðunarstundaskrá. Í kennslunni í lífsleikni er mikil áhersla lögð á jafnrétti og vináttu.

Í samtali við skólastjórnendur kom fram að ekki væri mikil umræða innan skólans í tengslum við lagabreytingar. Það sama kom fram hjá kennurum skólans en þeir kváðu að umræður um breytingar á lögum hefðu farið fram á vegum fræðsluþjónustu á haustþingi kennara. Töldu þeir umræðu um áherslubreytingar í lögum ættu sér frekar stað á þeim vettvangi en í skólanum. Af máli kennara mátti ráða að það væri ekki endilega þeirra að fylgjast með áherslubreytingum í lögum og reglugerðum heldur yfirstjórnar að koma slíku á framfæri við þá. Hið sama ætti við um sérkennslumál en þá hefði stoðkerfi skólans ábyrgð á því að kynna sér það. Aðalnámskrá grunnskóla virtist kennurum ekki sérlega handgengin en þó vísuðu þeir til þess að í faglegru umræðu innan skólans vitnuðu kennarar oft til aðalnámskrár máli sínu til stuðnings.

Að sögn skólastjóra hafði hann ekki orðið var við það að kostnaður samfara nýjum lögum hafi aukist. Aukning kostnaðar sem skólinn hefði orðið fyrir að undanförunu snérist helst að fötlunarmálum, einkum hvað varðar húsnæði og aðbúnað.

Aðspurðir kváðust starfsmenn skólans og stjórnendur finna fyrir samdrætti í samfélaginu. Kennarar kváðust hafa fengið skýr skilaboð um að fara vel með efni, spara pappír og slökkva ljós. Allt væri skorið sem hægt væri að skera. Ekki væri endilega verið að benda kennurum á hvað eigi að spara heldur væru kennarar sér meðvitaðir um að það þurfi að spara á öllum sviðum. Krafa um sparnað bitnar að mati kennara ekki á kennslunni eða námi barnanna að neinu leyti. Talað væri um að draga úr stuðningi í kennslu en þeir töldu sig ekki finna fyrir því sérstaklega. Meiri áhyggjur kæmu fram hjá skólalíðum vegna minni gæslu á göngum og aðhalds í þrífum.

Að sögn skólastjóra þrengdi að skólanum en þó héldu þeir virkilega sjó. Ekki hefði komið til neinna uppsagna en ekki hefur verið ráðið í önnur störf sem losnað hafa innan skólans og öll yfirvinna hefur verið skorin niður. Þá hefði stjórnunarkvóti skólans verið minnkaður á þann hátt að millistjórnendum er gert að kenna meira. Þannig hefði verið klipið hér og þar. Svo nærri væri gengið rekstri að lítið svigrúm væri í vörukaup. Komi til frekari niðurskurðar verður ekki komist hjá uppsögnum að sögn skólastjóra.

Ytri tengsl

Árið 2006 var undirritaður samningur milli Kaupfélags Skagafjarðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps undir kjörorðinu *Sáttmáli til sóknar í skólamálum* í

Skagafirði (Skagafjörður, 2006). Samningur þessi lýtur að því að samningsaðilar samþykkja að leggja til verkefnisins 100 m.kr. á fjögurra ára tímabili, eða 25 m.kr. árlega. Verkefnisstjórn er fengið það hlutverk að útfæra nánar markmið átaksins og úthluta fjármagninu. Ekki er heimilt að verja fjármagninu til hefðbundinna fjárfestinga s.s. bygginga en heimilt er að verja allt að 40% af árlegu fjármagni til kaupa á tækjum og búnaði. Að öðru leyti miðast úthlutanir úr sjóðnum við að styrkir skuli renna til innra starfs skólanna á svæðinu. Sjóður þessi gengur undir nafninu *Sáttmálasjóður* og hefur Árskóli notið góðs af honum við þróunarstarf sitt.

Árskóli nýtur að mati skólastjóra almenns velvilja í samfélaginu og þess sér einnig stað í viðhorfskönnun meðal foreldra. Um 97% foreldra svarar því til að þeir séu ánægðir með skólann og svipað hlutfall álitur að kennslan í Árskóla sé í heild mjög góð eða yfirleitt í góðu lagi (Árskóli, 2010b). Skólinn leggur mikið upp úr forvarnarstarfi og er í samstarfi við stofnanir og æskulýðsfélög í því verkefni. Uppskar skólinn m.a. einn verðlaunahafa í ratleik Forvarnardagsins 2010 en forseti Íslands afhenti viðurkenningar í hófi sem haldið var á Bessastöðum í tilefni þessa Forvarnardaginn 5. desember. Liður í forvarnarstarfi Árskóla er þátttaka í *Vina-verkefninu* en það er samstarfsverkefni leik-, grunn- og framhaldsskóla, frístunda-deildar, íþróttahreyfingarinnar og foreldra í Skagafirði. Aðalmarkmið verkefnisins er að ekkert barn í Skagafirði upplifi vinalausa æsku. Vinateymi var sett á laggirnar og hefur það hlutverk að leita leiða og samræma aðgerðir þeirra sem koma að starfi barna og unglinga.

Þá er að sögn skólastjóra heilmikið samstarf við atvinnulíf í bænum í gegnum valgreinar í 9. og 10. bekk. Flest fyrirtæki í bænum taka á móti nemendum í starfskynningar og þykir mjög vinsælt meðal nemenda og sjálfsagt af hálfu fyrirtækja.

Starfsandi og skólabragur

Þegar komið er inn í Árskóla má fljótt finna að andrúmsloftið er blandað vinnusemi, glaðværð og metnaði. Öll umgengni um húsnæði skólans er með miklum ágætum, en veggj skólans við Skagafirðingabraut prýða fjöldi myndverka eftir Jóhannes Geir listmálara, sem var sonur Jóns Þ. Björnssonar, fyrsta skólastjórans á Sauðárkróki. Bent var á sem dæmi um góða umgengni nemenda um húsnæðið og muni skólans að aldrei hefðu skemmst málverk eða aðrir listmunir á veggjum skólans.

Að mati kennara og annars starfsfólks, sem rætt var við, ríkir frábær starfsandi í skólanum og er það í samræmi við árlega skimun er gerð var í tengslum við innra mat skólans þar sem nær 100% starfsmanna skólans sögðu starfsanda góðan eða mjög góðan. Töldu kennarar sig hafa mjög mikið faglegt svigrúm og ýttu skólastjórar undir faglegt frumkvæði af þeirra hálfu. Þeir segja samstarfsfólk styðjandi og skólastjórnendur eigi mikið hrós skilið fyrir að ýta undir vinskapi og vináttu í starfsmannaaðstöðu og skapa grundvöll til að starfsfólki líði vel og styðji hvert annað. Traust ríkir á milli starfsmanna, starfsfólki er falin full ábyrgð í störfum sínum og samskipti eru opin og hispurslaus þar sem starfsfólk hvetur hvert annað til góðra verka.

Skólastjórnendur eru mjög meðvitaðir um gildi jákvæðs starfsanda og hvetja starfsfólk til þátttöku í hvers konar félagslegum viðburðum er eflir hópinn. Áhersla er lögð á að allt starfsfólk skólans myndi eina heild og unnið er gegn félagslegri aðgreiningu í starfsmannaaðstöðu. Það sem eitt sinn var kallað kennarastofa gengur nú undir nafninu starfsmannaaðstaða þar sem þar hafa allir starfsmenn skólans afdrep. Olweusarverkefnið sem skólinn er þátttakandi í hefur að sögn kennara reynst góður grunnur í þessu starfi og þá hefur sjálfsmatskerfi skólans einnig reynst drjúgur þáttur í opinni faglegri umræðu innan skólans.

Aðbúnaður

Eins og fram hefur komið er Árskóli í tveimur kennsluhúsum, gamla barnaskólahúsinu við Freyjugötu og fyrrum húsnæði gagnfræðaskólans við Skagfirðingabraut. Um 5–10 mín. gangur er á milli húsanna. Við skoðun má sjá að skólinn býr við veruleg húsnæðisþrengsli og kom það einnig ítrekað fram í viðræðum við hagsmunaaðila sem rætt var við. Húsnæðið við Freyjugötu er orðið mjög gamalt og hentar ekki til starfseminnar enda rúmar það ekki nemendahópin allan. Tveimur lausum kennslustofum er komið fyrir á lóð skólans. Allt þarfnast húsnæðið verulegrar endurnýjunar við, utan sem innan. Í skólanum fer fram kennsla 1.–3. bekkjar en skólastofur er mjög litlar, u.þ.b. 40 m², og rúma illa þær bekkjarstærðir sem þar eru. Öll aðstaða fyrir starfsfólk er af skornum skammti, mótuneytisaðstaða lítil sem engin svo og aðstaða fyrir bóka- og kennslugagnsafn. Hvert afdrep er nýtt, jafnvel aðstaða sem tæpast fullnægir ýtrustu öryggiskröfum. Húsið er orðið mjög lúíð, raka- og fúkkalykt liggur í loftinu svo að starfsfólk segist þurfa að skipta um föt eftir kennslu á daginn.

Í skólahúsinu við Skagfirðingabraut eru sömu þrengslin. Þótt kennslustofur séu vel rúmar vantar tilfinnanlega aðstöðu fyrir nemendur utan kennslustunda og bóka- og kennslugagnsafn. Þá má sjá að elsti hluti hússins skortir orðið viðhald en að sögn skólastjóra hafa skemmdir orðið á húsnæðinu sökum þakleka. Mötuneyti var komið fyrir í gamla gagnfræðaskólahúsinu en um leið þrengdi verulega að frjálsu rými nemenda, þar sem gangur á milli kennsluálma var tekin undir matsal. Í enda hans var komið fyrir móttökueldhúsi, sem annast matseld fyrir nemendur í 4.–9. bekk, en matreitt er í mótuneyti í Árvist fyrir yngstu börnin. Nemendur skiptast á að fara í mat og er talsvert bergmál í matsalnum þegar margir nemendur safnast þar saman og væri þörf á að skoða byggingafræðilega hvort ekki mætti draga úr hávaðanum.

Almennt virðast foreldrar ánægðir með fyrirkomulag mótuneytismála í Árskóla skv. niðurstöðum í viðhorfskönnun sem gerð var í nóvember 2010 meðal foreldra nemenda í 2., 4., 7. og 10. bekk. Um 70% segjast ánægðir með hádegisverðarmatseðil og svipað hlutfall er ánægt með framboð á morgunverði í mótuneytinu. Í sömu viðhorfskönnun var leitað eftir afstöðu þeirra til húsnæðis Árskóla. Í niðurstöðum kemur fram að 38% þeirra er svöruðu telur að sumt megi betur fara í húsnæðismálum skólans, 11% foreldra segir að mörgu sé þar áfátt og 12% segir að þeim sé stórlega ábótavant. 62% foreldra segjast hins vegar ánægðir með aðstöðu þá er nemendur hafa til að matast í skólanum (Árskóli, 2010b).

Afstaða starfsmanna til vinnuaðstöðu sinnar endurspeglar einnig þetta viðhorf og gefur til kynna að úrbóta er þörf en fast að helmingur starfsmanna segist í viðhorfskönnun sem gerð var árið 2007 ekki nógu sáttur við vinnuaðstöðu sína og lítið hefur breyst síðan (Árskóli, 2007). Í viðtölum staðfestist þetta viðhorf kennara og einnig kvörtuðu nemendur sáran undan aðstöðuleysi í skólanum. Töldu þeir tilfinnanlega vanta „kósýhorn“, hvergi væri afdrep að hafa utan kennslutíma þar sem hægt væri að tylla sér niður, spjalla saman, lesa eða vinna að náminu á ýmsan máta. Jafnvel væri troðið á skólabókasafn, ekki endilega nemendur að leita að lesefni, heldur líka til að spjalla því þar væri oft eina afdrepið að finna. Því fylgdi stundum hávaði á safninu og þá þyrfti oft að sussa á nemendur. Í viðtali við starfsmenn skólans kom fram að það sem mestu um varðaði fyrir skólann til framtíðar væri viðbygging við skólann auk endurbóta á elsta hluta húsnæðisins við Skagfirðingabraut.

Það óhagræði fylgir því að starfrækja skólann í tveimur húsum að yngstu nemendurnir þurfa að sækja sérgreinatíma í húsnæði skólans við Skagfirðingabraut. Það hefur í för með sér skólaakstur og ferðalag á milli skólanna. Á teikniborðinu liggja hugmyndir um viðbyggingu við húsnæði skólans við Skagfirðingabraut en með henni er gert ráð fyrir að allur skólinn sameinist á einn stað.

Samantekt og mat

Á tiltölulega stuttum starfstíma hefur tekist á árangursríkan hátt að sameina starfsemi Barnaskóla Sauðárkróks og Gagnfræðaskóla Sauðárkróks í einn skóla, Árskóla. Þrátt fyrir að skólinn sé starfræktur í eldra húsnæði skólanna tveggja og á milli þeirra sé nokkur vegalengd verður ekki annað séð en að starfsemin sé heildstæð og mikið samstarf og eindregni ríki í starfsmannahópnum. Allt innra skipulag skólans miðast við heildarskipulag hans og unnið bæði á stigum skólans og þvert á stigin. Svo virðist sem starfsfólk skólans líti að skólastarfið sem sameiginlegt viðfangsefni og kennurum í „efra“ kemur við hvað fram fer í „neðra“ og kennurum í „neðra“ kemur við hvað fer fram í „efra“. Skólastjórar leggja mikla áherslu á að gera sig sýnilega starfsfólki á báðum kennslustöðum og það styður við þetta viðhorf.

Í ljósi áherslu á sameiginlega ábyrgð starfsfólks hefur skólinn veitt starfsfólki aðild að stefnumótun skólans en hún virðist ekki árlega tekin til endurskoðunar og umræðu. Á einhvern máta virðist umræða innan skóla ekki upptekin af nýjum áherslum laga og reglugerða, miklu fremur beinir starfsfólk sjónum að hinu daglega starfi. Innan skólans hefur ekki mikil umræða farið fram um breytingar á lögum og reglugerðum og hvaða nýjungar þær hafa í för með sér fyrir innra starf. Nauðsynlegt er að kennarar og annað starfsfólk ræði þessar breyttu áherslur. Móta þarf sameiginlega sýn og skrá stefnumörkun niður þannig að auðvelt sé að vísa til hennar.

Samkvæmt ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008 hefur skólaráð verið kjörið við Árskóla. Kosningar í ráðið hafa farið fram eins og lög kveða á um. Á síðasta ári fundaði ráðið með reglubundnum hætti. Hins vegar hefur ráðið ekki komið saman á skólaárinu 2010–11. Enn sem komið er virðist ráðið hafa óljósa stöðu og hlutverk innan skólans. Í því sambandi er athyglisvert að kynning á ráðinu og hlutverki þess í skólanámskrá er felld undir kaflann um samskipti heimila og skóla og í ársskýrslu skólans 2009–2010 er greint frá skólaráði eins og það sé hluti samskipta heimilis og skóla fremur en hluti af stjórnkerfi skólans. Er athygli skólastjóra var vakin á þessu þá kvað hann að sinn skilningur væri skýr, að skólaráð væri hluti af stjórnkerfi skólans og hefur vefsíða skólans nú verið löguð að þessu leyti. Mikilvægt er að skólastjórar skerpi á stöðu og hlutverki skólaráðs og setji niður fyrir sér hvaða viðfangsefni það eru sem nauðsynlegt sé að ræða í skólaráði og með hvaða hætti það styður best við skólastarfið. Mikilvægt er í þessu sambandi þegar boðað er til fundar með dagskrá að fulltrúum í ráðinu hafi verið boðið að koma með tillögur að dagskrárefni þannig að þeim sé fullljóst að hlutverk ráðsins sé ekki eingöngu að ákvarða um hluti sem frá skólanum koma heldur geta þeir einnig haft frumkvæði að umfjöllunarefni fundanna. Til að eftirsóknarvert verði að sitja í ráðinu þarf fólk að finna að það sé mikilvægur vettvangur fyrir þróun skólastarfsins og til áhrifa á starf og starfhætti skólans.

Mikilvægasta úrlausnarefni fyrir Árskóla um þessar mundir er húsnæðismál skólans. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að starfsemi skólans eru verulega þröngar skorður settar í húsnæðismálum sínum. Gamla skólahúsið við Freyjugötu ásamt lausu kennslustofunum tveimur er ekki boðlegt lengur sem kennsluhúsnæði. Það er fyrst og fremst góðum vilja kennara að þakka að kennsla getur farið fram þar og sjái þeir ekki fram á verulegar úrbætur á næstu misserum er hætt við að viljinn til að leysa úr málum dvíni. Samfara ákvörðun um viðbyggingu við skólann við Skagfirðingabraut þarf að gera nauðsynlegar endurbætur á skólanum þar og helst þetta tvennt þannig í hendur. Um leið munu aðstæður nemenda í 4.–10. bekk einnig skána auk þess sem hægt verður að leggja af skólaakstur á milli skólahúsanna tveggja og þvælingi nemenda á skólatíma.

Skólanámskrá

Í lögum um grunnskóla 66/1995 var í fyrsta skipti sett í lög að hver skóli skuli gera skólanámskrá og er skólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá skal unnin af kennurum skólans, hún er nánari útfærsla á aðalnámskrá og á að taka mið af sérstöðu skólans og aðstæðum. Skólanámskrá er starfsáætlun skóla, segir í lögnum, þar sem m.a. skal gerð grein fyrir skólatíma, skóladagatali, kennsluskipan, markmiðum og inntaki náms, námsmati, mati á skólastarfi, slysavörnum, félagslífi í skólanum og öðru því sem varðar starfsemi skólans. Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er ákvæðinu breytt í þá veru að starfsáætlunin er tekin út úr skólanámskránni og hún gerð að sérstöku plaggi (Mynd 3).

Skólanámskrá og starfsáætlun.

Í hverjum grunnskóla skal gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaeyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stöðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða og einnig fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

Mynd 3: 29. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Eins og sjá má í lagagreininni er skólanámskrá nánari útfærsla á aðalnámskrá um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Áherslan er eilítið breytt frá lögum 1995 því nú er skólanámskránni skipt í tvö plögg, skólanámskrá og starfsáætlun. Ekki er sama krafa gerð á árlega endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlun en í lögnum segir að hana skuli leggja árlega fyrir skólanefnd til staðfestingar.

Skólanámskrá Árskóla er hægt að nálgast á vef skólans (Árskóli, e.d.). Ef skólanámskrá eins og hún er kynnt á heimasíðu skólans er borin að lýsingu laganna á því hvað hún á að innibera má sjá að talsvert vantar á að hún uppfylli ákvæði laganna og þá vantar enn að formleg starfsáætlun hafi verið gerð. Skólanámskrá Árskóla kynnir einkunnarorð skólans og fimm markmið skólastarfsins. Hún útfærir ekki markmið aðalnámskrár um inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Þess í stað birtir hún ýmsar handhægar upplýsingar um skólastarfið sem gagnlegar eru í sjálfu sér en fela ekki í sér stefnumótun eða áherslur skólans í einstöku þáttum. Ef litið er t.d. á kaflann um nám og kennslu í skólanámskránni er þar að finna í undirköflum nokkur góð ráð til kennara, mikilvægi samstarfs kennara, gerð náms- og kennsluáætlana, skjalavörslu, fyrirkomulag námsmats osfr. Engin stefnumótun er gerð um s.s. kennsluhætti, námsmat, mismunandi þarfir nemenda, jafnrétti, frjálst val nemenda osfr. Skólanámskráin er þannig miklu fremur upplýsingarit en stefnuplagg, handbók fyrir foreldra eins og heiti hennar gefur reyndar til kynna. Þó svo að kennarar telji að sammæli sé um alla þessa þætti í skólastarfinu er nauðsynlegt að skrá stefnuna niður, gera hana sýnilega þannig að hún geti verið raunhæfur grunnur að sjálfsmati skólans.

Skólanámskrá virðist ekki fá þá umræðu sem skylt er, því hvorki skólaráð né skólanefnd hafa fengið hana til umfjöllunar. Í samtali við skólastjóra kom fram að hann er sér meðvitaður um ágalla námskrárinnar og að skólinn hafi ekki gert greinarmun á skólanámskrá og starfsáætlun. Kvað hann það helsta viðfangsefnið skólans á næstunni að endurgera skólanámskrá og skerpa á stefnumótun skólans í einstöku þáttum skólastarfsins.

Tengsl skólanámskrár við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags

Ekki er að sjá bein tengsl milli stefnu skólans og skólastefnu sveitarfélagsins í skólanámskrá Árskóla eða að þar sé vísað með einhverjum hætti til skólastefnu sveitarfélagsins. Hins vegar verður ekki annað séð en að meginmarkmið Árskóla falli að skólastefnu sveitarfélagsins og þau ásamt leiðum sem tilgreindar eru falli vel að skilgreiningu á menntun til sjálfbærni (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, júlí 2010).

Meginmarkmið Árskóla:

- Að gefa öllum nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska.
- Að auka sjálfstæði nemenda í námi og starfi, efla jákvæða sjálfsmynd þeirra og auka hæfni þeirra í samskiptum við aðra.
- Að búa nemendur undir virka þátttöku í þjóðfélagi okkar og vekja þá til umhugsunar um það samfélag sem við búum í og hvernig þeir geta haft áhrif á mótun framtíðar sinnar.
- Að koma til móts við nemandann á því þroskastigi sem hann er á.
- Að gera skólann aðlaðandi og hlýlegan vinnustað, þannig að nemendum líði vel í skólanum og þeir öðlist þá tilfinningu að hann sé öruggur samastaður í leik og starfi.

Mynd 4: Markmið Árskóla (Árskóli, e.d.).

Í ljósi þess hversu ófullburða skólanámskrá Árskóla er eru tengsl við aðalnámskrá afar óskýr. Þó að meginmarkmið skólans falli að útfærslu aðalnámskrár á markmiðsgrein laga um grunnskóla vantar í skólanámskrána útfærslu skólans á ýmsum almennum og fagbundnum markmiðum aðalnámskrár.

Sérstakar áherslur skólans

Í skólanámskrá er sérstaða skólans ekki skilgreind en ljóst er að skólinn leggur mikið upp úr sjálfsmati sínu og því umbótastarfi sem því fylgir. Skólinn hefur unnið að því að innleiða aðferðir breska sjálfsmatskerfisins *How good is our school?*, og lagt metnað í ásamt Fræðsluþjónustu Skagfirðinga að þýða kerfið og gera aðgengilegt kennurum og starfsfólki skóla. Þá leggur skólinn mikið upp úr forvarnarstarfi og jafnréttindafræðslu og í því sambandi hefur skólinn lagt mikla áherslu á lífsleikni-kennslu og fá nemendur 86% meiri tíma í lífsleikni en viðmiðunarstundskrá gerir ráð fyrir á 10 ára námstíma.

Aðrar áherslur

Í skólanámskrá er hvergi minnst á þætti eins og lýðræði, mannréttindi, jafnrétti eða menntun til sjálfbærni svo ekki verður séð þar með hvaða hætti skólinn hyggst vinna að þessum mikilvægu markmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Hins vegar er talsvert unnið með þessa þætti í skólastarfinu að sögn skólastjóra og kennara, í tengslum við beina fræðslu í lífsleikni og hins vegar í þátttöku í félagslegu starfi innan skólans, svo og aðkomu nemenda að ýmsum ákvörðunum, s.s. efni á þemadögum. Hópa-starf í námi nemenda er hluti af því að þjálfa nemendur í lýðræðislegri þátttöku þar sem nemendur þurfa að komast að samkomulagi og leita sameiginlegra lausna. Að mati kennara er unnið að því að auka lýðræðið í skólastarfinu en því miðaði þó of hægt. Einn liður í þessu starfi er upptaka leiðsagnarmatsins úr *Mentor* sem skólinn hóf fyrir skömmu.

Kennarar kváðu að Árskóli ætti sína jafnréttisstefnu en hún væri ekki nægilega skýr. Í fljótu bragði töldu þeir hins vegar að jafnræði væri á milli drengja og stúlkna í skólanum, þau hafi jöfn tækifæri og er ekki mismunað. Valgreinar í 9. og 10. bekk eru skipulagðar þannig að bæði kynin hafa val um allar greinar sem í boði eru þó svo að sumar greinar falli betur að öðru hvoru kyninu.

Kennsla

Í upphafi hvers skólaárs gera kennarar áætlun um kennslu sína og færa hana inn í *Mentor* þar sem foreldrar hafa aðgang að henni. Í áætluninni koma fram markmið kennslunnar, upplýsingar um námsefni og kennslugögn svo og um kennsluaðferðir og námsmat. Þegar stjórnendur, kennarar, foreldrar voru spurðir að því hvaða væntingar væru gerðar til skólans í samfélaginu virtust allir á einu máli um að það sem skipti mestu máli væri að nemendum liði vel, þeir finndu sig örugga í skólanum og þar færi fram nám. Krafa væri á skólann um metnaðarfullt starf og vilja til umbóta. Að mati skólanefndar og fræðslustjóra er mikilvægt að hver einstaklingur fái að njóta sín í skólanum. Kváðu þau mikla fjölbreytni vera í námi í skólanum, einkum í eldri bekkjum. Í náminu væri lögð áhersla á félagsfærni, ábyrgð og sjálfstæði einstaklingsins.

Samkvæmt skólanámskrá Árskóla er ætlast til að nemendur vinni heimanám og að foreldrar fylgist með því, skapi þeim aðstöðu og næði og sjái til þess að þau geymi ekki námið fram á síðustu stund. Allt heimanám er skráð inn í *Mentor* og skulu kennarar fylgjast með heimanámsskilum og skrá þau þannig að foreldrar geti betur fylgst með. Almennt virðast foreldrar telja að heimanám sé hæfilegt þó að nokkur hópur telji það of lítið en fæstir telja það of mikið (Árskóli, 2009).

Í stefnu skólans segir að til að gefa öllum nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska noti kennarar fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir sem höfða til mismunandi þroska, áhuga og getu nemendanna. Auk þessa hefur Árskóli það að stefnumiði að koma til móts við nemendur á því þroskastigi sem þeir eru á (Árskóli, e.d.). Að sögn skólustjóra er áhersla lögð á að nemendum með sérþarfir sé mætt sem allra mest í sínum bekk. Til þess að það sé hægt þarf í vissum tilvikum stuðningsfulltrúa með nemandanum inn í bekkinn eða að sérkennari vinni með bekkjarkennara. Í vissum tilvikum verður þó að mæta nemendum með sérkennslu utan bekkjar eða í sérdeild. Í skólanámskrá er sérkennslu lýst sem kennslu:

nemenda sem þurfa stuðning eða sérstök úrræði um lengri eða skemmri tíma, en þann stuðning er oft ekki unnt að veita innan ramma almennu kennslunnar. Tilgangur sérkennslunnar er að leitast við að mæta þörfum einstaklinga þannig að markmið grunnskólalaganna nái fram að ganga fyrir alla nemendur (Árskóli, e.d.).

Þegar þörf nemenda er metin meiri en svo að hægt sé að mæta henni í formi almenns stuðnings í bekk er nemandi boðið úrræði í námsveri. Þar er aðallega um að ræða einstaklingskennslu en allir eiga þó sinn heimabekk sem reynt er að tengjast sem mest. Kennsla í námsveri er skipulögð á grundvelli greiningar sérfræðinga, viðtala við foreldra og aðra þá sem að einstaklingnum hafa komið. Í samtali við kennara skólans kom fram það viðhorf að staða fatlaðra innan skólans væri alveg til fyrirmyndar. Töldu þeir þá fá tækifæri til menntunar jafnt á við aðra nemendur skólans. Fötluðum nemendum væri blandað í bekki eftir því sem hægt væri. Kváðu þeir mismunandi hvernig stuðningsfulltrúi eða sérkennari kæmi að undirbúningi kennslutíma og starfi í tímanum. Allt væri til í því hvert hlutverk stuðningsfulltrúans væri í bekknum.

Á síðasta vetri hófst vinna við þróunarverkefnið *Fagmennska kennara*. Meginmarkmið þess var að auka fagmennsku kennara í Árskóla með því að hvetja til mark-

vissrar ígrundunar, faglestrar og faglegra samræðna og samvinnu innan kennarahópsins (Birna Svanbjörnsdóttir, 2010). Ráðgjafi var fenginn m.a. til að framkvæma vettvangsathuganir í kennslustundum og vinna með kennurum. Í skýrslu sem gerð var í lok verkefnisins eru megin niðurstöður þess teknar saman og kennsluháttum í skólanum lýst á eftirfarandi hátt:

Í athugunum upplifði rannsakandi kennara og jákvætt andrúmsloft í skólanum. Nemendur voru kurteisir og kunnu að taka á móti gestum. Þá daga sem ráðgjafi heimsótti skólann varð hann vitni að fremur einsleitri og hefðbundinni kennslu en inn á milli mátti þó greina afburðakennslu, faglega sterkra kennara og eins metnaðarminni kennslu, ekki eins faglega sterkra kennara. Með afburðakennslu faglega sterkra kennara er þá átt við kennslu þar sem beitt er fjölbreyttum kennsluáðferðum til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda í samvinnu og samræðu við þá. Þar er kennslu, námsmati, virkni og þátttöku nemenda og bekkjarstjórnun fléttað saman í órjúfanlega heild. Bekkjar- og greinakennarar virtust yfirleitt bera meginþungan í kennslunni þó að inni

vægi og hinir og gengu á milli og aðstoðuðu eftir þörfum. Stofur voru nær undan-
tekingarlaust lokaðar, nemendur með sérþarfir voru gjarnan teknir ú

. Varla var teljandi að sæist til samkennslu kennara. Aldrei sást til foreldra og samvinna, þema
(Birna Svanbjörnsdóttir, bls. 9–10, 2010).

Að sögn skólastjóra sýndi þróunarverkefnið fram á að ekki væri mikil samkennsla í skólanum en ein af niðurstöðum í sjálfsmati skólans 2010 var að kennarar væru leitandi og vildu aðstoð. Vilji væri til að auka samstarf milli kennara og fjölbreytni kennsluáðferða. Aðstæður í húsnæði skólans væru hins vegar hamlandi. Þróunarverkefnið *Byrjendalæsi* sem skólinn hóf síðasta haust styður við vinnubrögð af þessu tagi en fram kom hjá deildarstjóra yngsta stigs að hann ber miklar væntingar til verkefnisins og telur sig þegar sjá breytingar á starfsháttum því samfara. Þá eykst samvinna á milli kennara á unglingastigi og hefur m.a. verið lögð áhersla á að stærðfræði sé kennd á sama tíma í hverjum árgangi. Það býður upp á samvinnu kennara og sveigjanlega kennsluhætti. Sú lína hefur verið gefin út í skólanámskrá að kennslan sé ekki einkamál heldur samvinna og samábyrgð kennara (Árskóli, e.d.).

Ekki hefur verið mótuð stefna um skapandi skólastarf í Árskóla og hvergi er minnst á læsi, né jafnréttisfræðslu í skólanámskrá. Hins vegar eru listir af ýmsu tagi í hávegum hafðar í skólanum, einkum í tengslum við frjálst starf nemenda. Kjörorð skólans, *lifa – leika – læra*, koma að sögn skólastjóra oft fram í viðburðum innan skólans. Þannig er leiklist gert mjög hátt undir höfði í skólanum svo og dansi, en öflug danshefð er í skólanum. Allir nemendur stíga árlega á svið í tengslum við sýningar og leikverk. Á hverju ári æfa elstu nemendur skólans leikverk í fullri lengd og eru þá gjarnan valin þekkt leikrit til sýningar og fá allir nemendur 10. bekkjar viðfangsefni í tengslum við það. Er skýrsluhöfundar voru í heimsókn í Árskóla var verið að auglýsa meðal nemenda fyrstu æfingar leikritsins *Glanni glæpur* sem sýnt verður næsta vor. Þá hefur skólinn lagt mikla áherslu á kennslu í dansi fyrir alla 6–14 ára nemendur og er mikil ánægja með það. Lengstum hafði skólinn danskennara og þá var hægt að setja einn tíma á viku í dansi í hverjum árgangi en nú hefur danskennarinn flutt í burtu og því hefur skólinn tekið það ráð að kenna dans í námskeiðum. Á hverju ári eru haldnar þemavikur og stór hluti af starfi í þeim lýtur með einhverjum hætti að myndsköpun.

Er niðurstöður PISA2006 birtust vakti mikla athygli árangur nemenda af Norðurlandi vestra í læsi. Árangur nemenda af svæðinu hefur ekki verið skilgreindur

á neinn hátt en í samtali við skólastjóra kom fram að skólaárin 2004–05 og 2005–06 var unnið að þróunarverkefnum á sviði læsis í skólanum í samstarfi við Fræðsluþjónustu Skagfirðinga og Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri. Verkefnið nefndust *Lesið til að læra* og *Læsi til framtíðar*. Að sögn skólastjóra hefur skólinn alla tíð lagt mikla áherslu á kennslu læsis. Á liðnu hausti hóf skólinn þróun *Byrjendalæsis* í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar HA og verður þróunarstarfinu haldið áfram á næsta ári ásamt því að hefja vinnu við þróunarverkefnið *Orð af orði* á miðstigi skólans en það miðar að því að efla orðaforða og orðskilning nemenda. Að sögn skólastjóra er mikil ánægja meðal kennara og foreldra með áherslur *Byrjendalæsis* og nemendur tala um hvað sé gaman í lestri.

Námsmat

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 27. gr. um námsmat:

Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi. Tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámsskrár og ná námsmarkmiðum sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Í skólanámsskrá Árskóla segir að megintilgangur námsmats sé þrjúþættur: Að örva nemendur og hjálpa þeim við námið, að veita nemendum og forráðamönnum þeirra upplýsingar um gengi í náminu og að veita kennurum og skólastjórnendum upplýsingar um ýmsa þætti kennslunnar sem hafa má að leiðarljósi við frekari skipulagningu námsins (Árskóli, e.d.). Að sögn kennara er mikil áhersla frá skólastjórnendum að kennarar séu alltaf vakandi fyrir námsárangri. Námsárinu er skipt í þrjár annir og fá nemendur í hendur vitnisburð úr formlegu námsmati í lok hverrar annar. Sú stefnumörkun er gerð af hálfu skóla að kennarar noti símat en byggi námsmat sitt ekki einvörðungu á einstökum prófum.

Á haustönn og miðönn fá nemendur vitnisburð í formi leiðsagnarmats. Í því felst annars vegar að nemandinn með aðstoð foreldris/forráðamanns metur sig og hins vegar metur kennarinn nemandann. Matið, sem er hluti af *Mentor*, fer fram rafrænt og er síðan notað sem umræðugrundvöllur í foreldraviðtali. Markmiðið með þessu er fyrst og fremst að draga úr áherslu á próf og kannanir en auka þess í stað fjölbreytni námsmatsins, gera það einstaklingsmiðaðra um leið og ábyrgð nemandans á eigin námi er eflað.

Á vorönn fá nemendur í 4.–10. bekk vitnisburð í tölum sem fela í sér starfs-einkunn og prófseinkunn en nemendur í 1.–3. bekk fá umsagnir. Prófseinkunn gildir aldrei meira en 50% af heildareinkunn. Algengt er að í starfs-einkunn felist niðurstöður úr könnunum, verkefnaúrlausnum, heimavinnu, hegðun og vinnu í tímum. Vægi einstakra liða getur verið breytilegt eftir námsgreinum (Árskóli, e.d.).

Er niðurstöður úr samræmdum prófum eru skoðaðar má sjá að árangur Árskóla hefur verið allgóður á síðastliðnum fimm árum hvort sem horft er til normaldreifðra einkunna eða framfarastuðla Námsmatsstofnunar. Normaldreifðar einkunnir eru á skalanum 0–60 og landsmeðaltal því í 30 (Tafla 2).

Tafla 2: Árangur Árskóla á samræmdum prófum í 4. bekk 2005–2010.

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Öll árin
Íslenska	30,8	33,5	31,7	34,5	30,5	30,8	32,0
Stærðfr.	31,3	31,4	31,2	30,2	29,3	34,5	31,2

Í töflu 2 má sjá að meðalárangur árána 2005–2010 er tveimur stigum yfir landsmeðaltali en öll árin hefur skólinn verið yfir landsmeðaltali normaldreifðrar einkunnar í 4. bekk.

Auk normaldreifðrar einkunnar reiknar Námsmatsstofnun framfarastuðul út frá einkunnum nemenda á tveimur samræmdum prófum. Honum er ætlað að gefa vísendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því er árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum, milli 4. og 7. bekkjar og 7. og 10. bekkjar. Framfarastuðullinn 0,99–1,01 þýðir venjulegar framfarir. Stuðullinn þar fyrir neðan merkir litlar framfarir eða jafnvel að viðkomandi dregst aftur úr en stuðlar ofan við 1,01 merkja framfarir í hærri kanti eða miklar framfarir (Karl Fannar Guðmundsson og Sigurgrímur Skúlason, 2009) (Tafla 3).

Tafla 3: Framfarastuðlar og normaldreifðar einkunnir Árskóla 2005–2010.

Ár	Ísl. 7. bekk		Stærðfr. 7. bekk		Ísl. 10. bekk		Stæ. 10. bekk	
	Fr.st.	Norm	Fr.st.	Norm	Fr.st.	Norm	Fr.st.	Norm
2005	0.98	33,1	1.02	32,5	0.98	29,2	1.01	29,2
2006	1.00	33,1	1.01	30,6	1.01	30,4	0.99	29,6
2007	1.02	29,8	1.01	28,5	0.97	26,6	0.99	27,6
2008	0.99	31,5	0.99	30,4	1.01	29,9	0.96	28,0
2009	0.97	31,5	0.99	30,2	0.96	30,5	1.00	31,2
2010	1.00	31,0	0.98	29,8	1,04	32,0	0.99	28,2
Samtals	1.00	31,5	1.00	30,2	1,00	29,7	0.99	28,8

Eins og sjá má í töflu 3 þá hefur skólinn verið um eða yfir landsmeðaltali normaldreifðra einkunna í 7. bekk í íslensku og stærðfræði, að meðaltali fyrir árin sex. Hins vegar hefur skólinn ekki náð í 10. bekkjarprófum en þar er skólinn örlítið fyrir neðan meðaltal normaldreifðra einkunna árin sex. Hins vegar þegar horft er til framfarastuðuls þá má sjá að skólinn hefur skilað nemendum eðlilegum framförum flest árin.

Námsmatsstofnun hefur nýverið birt niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk haustið 2010. Meðaleinkunnir Árskóla voru sem hér segir (Tafla 4):

Tafla 4: Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum haust 2010 (Upplýsingar frá Árskóla).

	4. bekkur			7. bekkur			10. bekkur		
	Árskóli	Kjörd.	Landið	Árskóli	Kjörd.	Landið	Árskóli	Kjörd.	Landið
Íslenska	6,0	5,3	5,6	6,9	6,5	6,7	6,5	6,4	6,2
Stærðfr.	7,8	6,9	7,2	6,1	6,1	6,0	6,2	6,0	6,5
Enska	–	–	–	–	–	–	6,8	6,5	7,1

Í 4. og 7. bekk eru meðaleinkunnir Árskóla í íslensku og stærðfræði nokkru yfir landsmeðaltali svo og í íslensku í 10. bekk. Meðaleinkunn í stærðfræði og ensku í 10. bekk eru hins vegar undir landsmeðaltali en yfir meðaltali kjördæmisins. Ef nánar er rýnt í tölur frá Námsmatsstofnun má sjá að þátttaka nemenda í samræmdum prófum er yfir landsmeðaltali í öllum prófum 4., 7. og 10. bekkjar.

Að sögn skólustjóra eru niðurstöður samræmdra prófa svo og niðurstöður úr alþjóðlegum samanburðarkönnunum tekin til umræðu sem gögn í sjálfsmati skólans í tengslum við mat á námi og kennslu og dreginn af þeim lærdómur til umbóta í skóla-starfinu.

Tengsl skólastiga

Í lögum og aðalnámskrá er mikil áhersla lögð á tengsl leikskóla og grunnskóla og grunnskóla og framhaldsskóla og skal skólanefnd stuðla að tengslum og samstarfi skólanna. Í aðalnámskrá grunnskóla segir að mikilvægt sé að leikskólar og grunnskólar efli tengsl sín á milli og komi á sambandi og samstarfi milli leikskólakennara sem hafa umsjón með elstu börnunum í leikskóla og grunnskólakennara sem taka við þeim í fyrsta bekk grunnskóla.

Að sögn fræðslustjóra er mikil áhersla lögð á það af hálfu skólanefndar að skólarnir í sveitarfélaginu starfi þétt saman. Stóð Fræðsluþjónusta Skagfirðinga í því sambandi fyrir fræðsluþingi skólanna í Skagafirði þar sem allir starfsmenn hittust og ræddu mál og kynntu verkefni úr skólunum. Fræðsluþingið væri tilraun til að búa til þetta samfellda skólasamfélag. Fræðsluþingið heppnaðist afar vel að mati fræðslustjóra og skólanefndar og kváðu að framhald yrði á slíku samkomuhaldi. Fræðslustjóri sagði að oftast en ekki væri rétt um samstarf uppávið í skólakerfinu en síður niður á við. Grunnskólakennarar gætu ekki síður lært af leikskólakennurum en leikskólakennarar af þeim. Það væri aldrei annars aðilans að brúa bilið á milli skólastiga skólarnir yrðu að vinna að því saman. Kvað hún mikla synd að ráðuneyti menntamála skyldi stöðva það að nemendur úr grunnskóla gætu sótt einingabært nám í Framhaldsskóla Norðurlands vestra (FNV) eftir að hafa lokið námsefni 10. bekkjar í kjarnagreinum og stýtt þannig skólagöngu sína eða flýtt henni.

Í ársskýrslu Árskóla fyrir skólaárið 2009–2010 kemur fram að unnið hefur verið að auknum tengslum við leikskólana Glæðheima og Furukot á Sauðárkróki með sameiginlegum fundum og gagnkvæmum heimsóknnum nemenda. Þá heimsækja 7. bekkingar leikskólana og lesa fyrir leikskólabörnin á Degi íslenskrar tungu og marka þannig upphafið á Stóru upplestrarkeppninni (Árskóli, 2010d).

Í ársskýrslu skólans kemur einnig fram að gott samstarf er við FNV. Fulltrúar framhaldsskólans koma árlega í heimsókn og kynna nemendum í 10. bekk framhaldsnám sitt auk þess sem nemendum gefst kostur á að heimsækja skólann og kynna sér námsaðstöðu og námsmöguleika þar. Þá standa skólarnir sameiginlega að kynningarfundum með foreldrum og nemendum. Síðastliðin sex ár hefur Árskóli í samstarfi við FNV boðið upp á valgrein þar sem nemendur í 9. og 10. bekk Árskóla hafa sótt tíma í verklegum greinum á iðnbrautum eins og málm-, raf- og tréiðnum í FNV og þá hafa nemendur í 10. bekk sem lokið hafa námsefni sínu verið gefinn kostur á að sækja nám í FNV í ensku, dönsku og stærðfræði og flýtt þannig fyrir sér (Árskóli, 2010d).

Auk ofangreindra tengsla hefur Árskóli einnig verið í samskiptum við Hóla-skóla um valgrein í hestamennsku, bóklega og verklega undir leiðsögn kennaranema (æfingakennsla) á leiðbeinendastigi.

Val í námi

Í lögum um grunnskóla 91/2008 er kveðið á um hver vikulegur kennslutími hvers nemanda skuli vera. Í 1.–4. bekk segir að hver nemandi skuli fá 1.200 mínútur að lágmarki, í 5.–7. bekk 1.400 mínútur og í 8.–10. bekk 1.480 mínútur. Í lögum segir enn fremur að skólastjóri ákveði nánari útfærslu kennslutímans í samráði við skólaráð. Í aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta 2006 er birt viðmiðunarstundaskrá sem segir til um vægi námsgreina innbyrðis og vikulegan lágmarks-kennslutíma á einstöku námssviðum sem hver nemandi á rétt á. Þar segir enn fremur að skipulag og skipting kennslutíma fyrir hvert námssvið skuli birt í skólanámskrá.

Í Árskóla eru vikustundir nemenda á hverju stigi í samræmi við ákvæði laga (Tafla 5).

Tafla 5: Skipting vikulegra kennslustunda í Árskóla. Samanburður við viðmiðunarstundaskrá.

Námssvið	1. - 4. bekkur		5.-7. bekkur		8.-10. bekkur		Samtals		Mism.
	Aðal-námsskrá	Árskóli	Aðal-námsskrá	Árskóli	Aðal-námsskrá	Árskóli	Aðal-námsskrá	Árskóli	
Danska			120	120	440	440	560	560	0
Enska	40	160	240	240	400	440	680	840	160
Heimilisfræði	160	160	240	240	80	80	480	480	0
Hönnun og smíði	160	160	120	120	40	40	320	320	0
Íslenska	960	1120	600	800	600	720	2160	2640	480
Íþróttir - líkams- og heilsurækt	480	520	360	480	360	400	1200	1400	200
Listgreinar	640	640	480	480	160	160	1280	1280	0
Lífsleikni	40	160	120	120	120	240	280	520	240
Náttúrufræði og umhverfis-mennt	320	320	360	360	360	360	1040	1040	0
Samfélagsgreinar og kristin fræði, Stærðfræði	480	600	440	440	280	280	1200	1320	120
Upplýsinga- og tæknimennt	160	160	120	120	40	40	320	320	320
Val	560		400	80	960	640	1920	720	1200
Vikustundir alls	4800	4800	4200	4200	4440	4440	13440	13440	0

Í töflu 5 má sjá hvernig Árskóli skiptir vikulegum kennslutíma á námssvið í samanburði við viðmiðunarstundaskrá. Skólinn viðhefur nokkuð aðra skiptingu náms-tímans en viðmiðunarskrá mælir fyrir um. Eins og sjá má tilgreinir skólinn 560 mín. í val niður á önnur námssvið. Þannig fá enska, íslenska, íþróttir, lífsleikni og samfélagsgreinar fleiri mínútur en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir. Svipað er að segja um skiptingu tíma á námssvið í 5.–7. bekk, en þar skilur skólinn eftir 80 mín. í val sem varið er til viðbótartíma í lífsleikni í 5. og 6. bekk. Í 8.–10. bekk er gert ráð fyrir 960 mín. í valgreinar og nýtir skólinn 640 þeirra í frjálst val nemenda. Nemendum í 9.–10. bekk gefst kostur á auk kjarnagreina (29 kst/v.) að velja sér námsgreinar sem nemur 8 kennslustundum á viku (320 mín.) en þetta eru heldur færri stundir en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir. 24 valgreinar eru í boði, allar ætlaðar fyrir bæði kynin, þó aðsókn í sumar greinar sé töluvert kynbundin að sögn skólastjórnenda. Mikill meirihluti valgreina eru verklegar greinar og/eða íþróttatengdar. Einungis þrjár þeirra eru bóklegar. Að sögn skólastjórnenda eru langvinsælustu valgreinarnar heimilisfræði, textílmennt og iðngreinar sem boðið er upp á í samstarfi við FNV, Tónlistarskólann og Hólaskóla. Sem hluta af valgreinum eiga nemendur kost á að fá viðurkenndar æfingar hjá Íþróttafélögum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Þegar heildarnámstíminn er skoðaður má sjá hvaða áherslur Árskóli leggur í námsskipulagi sínu og nýtir valgreinatíma viðmiðunarstundaskrár. Í íþróttum bætir skólinn einni vikulegri kennslustund við í 1.–8. bekk umfram viðmiðunarstundaskrá til kennslu í dansi.

Skólaþróun

Á síðast liðnum árum hefur verið unnið kröftugt starf að fjölbreyttu þróunarstarfi í Árskóla. Verkefni þessi eru af ýmsu tagi, alþjóðleg samstarfsverkefni svo og verkefni styrkt af innlendum aðilum. Í skólanámskrá er gerð stutt grein fyrir 13 þróunar- og umbótaverkefnum sem unnið hefur verið að á síðustu árum auk ýmissa umbótaverkefna sem sjálfsmat skólans hefur leitt af sér. Viðamestu verkefni sem skólinn hefur unnið að er innleiðing sjálfsmatsaðferða með þýðingu á skoska matskerfinu *How good is our school?* eða *Gæðagreinum* eins og það hefur verið nefnt á íslensku. Á síðasta ári fékk skólinn nýja útgáfu í af gæðakerfinu í hendur og hefur unnið að þýðingu hennar. Stefnir skólinn að því að taka þá útgáfu upp í matskerfi sínu á þessu skólaári.

Þróunarverkefni sem skólinn hefur unnið að eru fjölbreytt og taka til ólíkra þátta. Hugmyndir að þróunarverkefnum koma víða frá, sum í kjölfar innra mats en önnur frá kennurum sjálfum. Ýmis verkefnanna hafa þegar fest sig í sessi í skólastarfinu og því komin af þróunarstigi. Dæmi þar um eru sjálfsmat skólans, þróun leiðsagnarmats, og hringekjuform í verk- og listgreinakennslu undir merkjum *Fjölíðar*.

Sum þróunarverkefni eru unnin í samstarfi við aðra skóla og fjármögnuð með styrkjum frá innlendum og erlendum sjóðum. Þróunarverkefnið *Healthy school, healthy minds* er dæmi um verkefni sem styrkt er af menntaáætlun Evrópusambandsins en samstarfsskólar eru frá Skotlandi, Englandi og Danmörku. Samstarfsfundur var haldinn í Danmörku haustið 2008. Þemavikan það árið var tileinkuð heilsuvitund og heilsuefningu. Í september 2009 sóttu nemendur og kennarar frá þessum skólum Árskóla heim og dvöldu á heimilum 9. og 10. bekkinga. Verkefninu lauk vorið 2010 í Newcastle þar sem nokkrir nemendur 9. bekkjar og starfsmenn skólanna fjögurra hittust og báru saman bækur sínar og gengu frá lokaafurðinni. Dæmi um innlent samstarfsverkefni sem skólinn tekur þátt í er *Vinaverkefnið*. Það er þróunarverkefni á vegum skólanna í Skagafirði, foreldra, íþróttafélaga og frístundadeildar. Markmið þessa verkefnis er m.a. að stuðla að því að forvarnarverkefni séu unnin með jákvæð samskipti barna og unglinga í huga á öllum skólastigum.

Þróunarverkefni sem nú er unnið að í skólanum eru útikennsla en í byrjun skólaársins 2008–2009 var sett á laggirnar útikennsluteymi og ákveðið að þróa þverfaglegt útikennsluverkefni í skólanum. Fjórir kennarar fóru í námsferð til Bergen í Noregi til að kynna sér hvernig nota má hugmyndir um útikennslu í almennu skólastarfi. Auk þess hafa kennarar kynnt sér útikennslustofur í öðrum skólum hérlendis. Markmiðið er að allir nemendur skólans hafi aðgang að útikennslustofu í Litlaskógi í öllum fögum til að auka fjölbreytni í kennsluháttum. Þá er unnið að því að fá *Græn-fánann* og að síðustu er unnið að verkefninu *Fagmennska kennara*. Allir kennarar tóku þátt í verkefninu sem var styrkt af *Sáttmálasjóði*. Á síðasta ári var fengin leiðsögn frá Háskólanum á Akureyri auk þess sem nokkrir fyrirlesarar voru fengnir til að vera með erindi í tengslum við fagmennsku kennara. Verkefnið byggðist töluvert upp á jafningjafræðslu en markmiðið með verkefninu er að efla félagastuðning (coaching) með virkri þátttöku nemenda. Með þessu er stefnt að því að gera skólann að lifandi lærdómssamfélagi. Skólinn hefur sett sig í samband við breskan skóla sem hefur mikla reynslu af þvítíku starfi og er áformað að áfram verði unnið að verkefninu á skólaárinu.

Samantekt og mat

Niðurstöður úttektar benda eindregið til að í Árskóla fari fram afar metnaðarfullt og árangursríkt skólastarf. Námslegur árangur virðist með ágætum og fjölbreytt þróunar- og umbótastarf fer fram í skólanum. Að frumkvæði Fræðsluþjónustu Skagfirðinga svo

og skólans sjálfs eru talsverð samskipti við aðra skóla í sveitarfélaginu og þá leggur skólinn rækt við samskipti við bæði leikskóla sveitarfélagsins og framhaldsskólann.

Skólastjórar hafa skarpa sýn á skilvirkt og árangursríkt skólastarf og virðist einkar lagið að virkja starfsfólk til samstarfs. Hins vegar skortir að stefnan og sýnin séu gerð formleg með því að skrá hana niður og þannig reynt að tryggja sameiginlegan skilning og skarpari vitund starfsfólks og foreldra um hver markmiðin eru og hvernig þau endurspeglu ákvæði aðalnámskrár og stefnu sveitarfélagsins. Mikilvægt er að skólinn vinni markvissar í því að innleiða í starf sitt ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár og má í því sambandi benda á að skólanámskrá er ekki í samræmi við lagafyrirmæli og þá hefur formleg starfsáætlun ekki verið birt.

Tvískipting skólanámskrárinnar eins og Árskóli kýs að viðhafa er ekki heppilegt form. Ástæða er fyrir skólann að endurskoða inntak og vinnuferli við gerð skólanámskrárinnar. Mikilvægt er að skólinn skilgreini með hvaða hætti hann hyggst útfæra áherslur námskrár s.s. um lýðræði og borgaravitund, jafnrétti til náms, jafna stöðu kynja, sjálfbærni til náms. Þó svo að kennarar telji að sammæli sé um alla þessa þætti í skólastarfinu er nauðsynlegt að skrá stefnuna niður, gera hana sýnilega þannig að hún sé raunhæfur grunnur náms og kennslu og sjálfsmati skólans.

Eitt af meginmarkmiðum Árskóla er að gefa öllum nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og að koma til móts við nemandann á því þroskastigi sem hann er á. Þetta markmið skólans er í samræmi við þá jafnréttisáherslu sem frá upphafi var lögð í lögum um grunnskóla. Um leið var lagst gegn hvers konar röðun nemenda í bekki og hefur sú meginlína verið viðhöfð í skólastarfi síðan með ýmsum undantekningum. Það vekur hins vegar spurningu um hversu markvisst skólinn vinnur að þessu markmiði sínu eða hversu meðvituð stefnan er þegar í viðhorfskönnun meðal kennara gægist upp spurning þar sem leitað er eftir afstöðu kennara til þess hvort getuskipta eigi í bekki. Yfir þriðjungur kennara svarar því játandi að getuskipta eigi í bekki. Það er ekki endilega afstaða kennara sem hér vekur athygli, vegna þess að um þetta atriði hefur lengi verið ágreiningur meðal kennara, einkum kennara eldri deilda, heldur miklu fremur spurning skólans til kennara. Þetta er tekið sem dæmi hér um mikilvægi þess að opinber stefnumið séu rædd og skýrð þannig að allir séu meðvitaðir að hverju er stefnt og hverjar áherslur skulu vera í starfi.

Innra mat

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólstarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Mynd 5: 36. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2010

Fyrirkomulag og framkvæmd

Vinna við innleiðingu sjálfsmatsaðferða hófst í Árskóla fyrir 11 árum. Styðst skólinn við skoskt kerfi (*How good is our school?*) en Fræðsluþjónusta Skagfirðinga annaðist þýðingu á því árið 1999 og nefnir *Gæðagreinar*. Sjálfsmatskerfið byggir á eigindlegum aðferðum þar sem kennarar vinna saman að því að ígrunda starf sitt og leita svara við grundvallarspurningum um alla þætti skólstarfsins. Eftirfarandi spurningar eru leiðarljós þegar hver þáttur skólstarfs er metinn:

Hvernig stöndum við okkur?

Hvernig vitum við það?

Hvað gerum við næst?

Sjálfsmatskerfið hefur verið að þróast og hefur Árskóli ásamt Fræðsluþjónustu Skagfirðinga lokið við þýðingu á nýrri útgáfu, *Gæðagreinar II*, og skólinn tekið þá í sína notkun. Nýja útgáfan var sett á vef vorið 2010 en bókfræðilegar upplýsingar gefa til kynna að útgáfa hafi átt sér stað árið 2007. Gæðagreinararnir í þessari útgáfu eru flokkaðir á grundvelli sex lykilsurninga:

Hvaða árangri höfum við náð?

Hversu vel mætum við þörfum skólasamfélagsins?


Hversu góða menntun veitum við?

Hversu góð er stjórnun skólans?

Hversu góð er forystan í skólanum?

Hverjir eru möguleikar okkar til framfara?

Þessar sex einföldu en mikilvægu spurningar eru grunnur að lykilþáttunum níu í þessari útgáfu *Gæðagreinnanna*. Í lýsingu á kerfinu (Fræðsluskrifstofa Skagfirðinga, 2007) segir að meginuppspretta gagna og upplýsinga sé það sem kennarar eða starfsmenn sjái sjálfir, töluleg gögn af ýmsu tagi og viðhorf þeirra sem eru nátengdir skólanum, svo sem nemendanna sjálfra, foreldra, samstarfsaðila og starfsfólks. Gagnlegt sé að athuga skriflegar leiðbeiningar og skjöl, s.s. bekkjarnámskrár, kennsluáætlanir, námsefni og efni frá kennurum, stefnumótunarskjöl, leiðbeiningar og fundargerðir. Á sama hátt geti skýrslur um framvindu og árangur þróunarverkefna verið gagnlegar en þær þarf að bera saman við það sem gert hefur verið í raun og veru. Það sem skiptir höfuðmáli er hver áhrifin af lykilstarfsemi skólans eru á nemendurna sjálfa og nám þeirra. Gagnaöflun vegna matsins kemur í meginatriðum þannig úr þremur áttum eins og skýrt er á Mynd 6.



Mynd 6: Gagnaöflun fyrir mat með Gæðagreinum.

Í lögum og aðalnámskrá er gert ráð fyrir að skóli geri skýrslu um sjálfsmat sitt. Í aðalnámskrá segir að þar þurfi að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans jafnframt því að þar komi fram tillögur um úrbætur sem byggðar eru á niðurstöðum úr matinu. Í sjálfsmatsskýrslu Árskóla (Árskóli, 2010c) er í inngangi gerð grein fyrir ákvæðum laga um sjálfsmat skóla og vali skólans á matskerfi stuttlega lýst. Síðan er gerð stutt lýsing á starfi Árskóla og markmiðum skólans. Þá er gerður ítarlegur kafli um sjálfsmatskerfið *Gæðagreina* og þátt skólans og Fræðsluþjónustu Skagfirðinga í þýðingu þeirra og fjallað um úttekt menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum skólans. Þar á eftir er gerð grein fyrir sjálfsmati skólans, hvað tekið var til mats og hverjar niðurstöður þess voru. Á grundvelli niðurstaðna matsins eru kynntar þróunaráætlanir til umbóta. Þessar áætlanir bera miklu fremur svipmót upptalningar á þáttum sem kippa þarf í liðinn og hver gerir hvað, en ígrundaðrar þróunaráætlunar. Eftir að matinu hefur verið lýst er gerð grein fyrir því þróunar- og nýbreytnistarfi sem unnið hefur verið að og enn er í vinnslu án þess að þau verkefni sem þar er lýst hafi einhver sýnileg tengsl við sjálfsmat skólans, þ.e.a.s. ákvörðunin um verkefnið sem slík koma annars staðar frá en eftir sjálfsmat skólans. Þar er jafnframt gerð grein fyrir endurmenntun starfsfólks án þess að séð verði að hún tengist niðurstöðum sjálfsmatsins og síðan er kynnt áform um þróunar- og nýbreytnistarfi sem ekki hefur heldur nein tengsl við sjálfsmat skólans (Árskóli, 2010c).

Sjálfsmatsaðferðir Árskóla hafa verið teknar út af menntamálaráðuneyti og aðferðirnar taldar uppfylla viðmið ráðuneytisins.

Tengsl við skólanámskrá

Eins og fram hefur komið í umfjöllun um skólanámskrá Árskóla felur hún í sér takmarkaða stefnumörkun eða markmiðssetningu. Þar af leiðandi verða tengsl sjálfsmats skólans við skólanámskrá fremur takmörkuð eða óljós. Hins vegar er nokkuð ljóst að matið hefur tengsl við hin óskráðu markmið og í sumum tilvikum sjálfsmat notað til að leggja mat á einstök þróunarverkefni sem unnin eru.

Vert er að hafa í huga að sjálfsmatskerfinu tilheyrir árleg skimun á öllum þáttum skólastarfsins. Kennarar svara þá tilteknum spurningalista og er venjan að leggja listann fyrir á síðasta kennarafundi skólaársins. Könnunin er lögð fyrir í rafrænu formi til að auðvelda úrvinnslu. Tilgangur skimunarinnar er að fá yfirlit yfir stöðu allra lykilþátta skólastarfsins að mati kennara og stjórnenda. Ef í ljós kemur að einhver þáttur slær út er sá þáttur tekinn til sérstaks mats með Gæðagreini. Með þessu móti er reynt að fylgjast með hverjum þætti fyrir sig (Fræðsluskrifstofa Skagfirðinga, 2007).

Þátttaka nemenda og foreldra í innra mati

Eins og fram kemur á mynd 6 er gert ráð fyrir að matið sé m.a. byggt á viðhorfi fólks. Viðhorfskannanir eru lagðar árlega fyrir úrtak nemenda og foreldra. Sá háttur er hafður á að kannanir eru ávallt lagðar fyrir sömu árganga þannig að allir svara á einhverjum tíma viðhorfskönnun skólans.

Mat á frammistöðu kennara

Í viðtali við skólastjóra kom fram að skólinn hefur í undirbúningi að vinna að mati á frammistöðu kennara og virkja nemendur í því mati. Skólinn hefur sett sig í samband við skóla í Englandi sem hefur þróað frammistöðumat af þessu tagi. Gert er ráð fyrir því að við það mat verði sótt til nemenda og samkennara.

Samantekt og mat

Gríðarmikið starf hefur verið unnið í Árskóla við innleiðingu sjálfsmatsaðferða. Vinnan í gegnum *Gæðagreina* er orðin sjálfsagður og eðlilegur þáttur í skólastarfinu, er „límið“ í því, eins og skólastjóri orðar það. Upplýsingar eru sóttar víða og í rýni-hópum er krafa gerð um að kennarar rökfæri viðhorf sín og skoðanir. Allir starfsmenn Árskóla koma að sjálfsmatsvinnunni á einhvern hátt og vinnubrögðin eru orðin starfsfólkinu töm. Að mati skólastjóra hefur starfsfólkið góða þekkingu og metnað til að halda áfram að byggja upp nýja gæðagreina og vel hefur tekist til að laga matskerfið að sérstöðu skólastarfs í Árskóla. Það hefur sýnt sig að slík vinna skilar umtalsverðum árangri í endurbótum á skólastarfinu. Æ fleiri skólar sækja í smiðju til Árskóla um notkun matskerfisins.

Sjálfsmatskerfið *Gæðagreinar* er umbótamiðað í eðli sínu. Það setur viðmiðanir um árangur og felur í sér að kennarar geri umbótaáætlanir í kjölfar matsins. Á þetta er lögð áhersla af skólastjórnendum og ýmis umbóta- og þróunarverkefni hafa orðið til í kjölfar sjálfsmats skólans. Ekki er að efa og undir það skal tekið með skólastjóra, að sjálfsmatskerfið hefur stuðlað að faglegri umræðu innan skólans, styrkt faglegt sjálfsöryggi kennara og stuðlað að umbótum í starfi skólans. Hins vegar er líka ýmislegt sem á eftir að þjálfast og lærast við útfærslu sjálfsmats. Tengsl við markmið skólastarfsins og skólanámskrá þurfa að verða skýrari og þá er framsetning sjálfsmatsskýrslu fremur ruglingsleg. Gera þarf hana skipulegri og markvissari og skerpa ígrundun og framsetningu þeirra þróunarverkefna sem sjálfsmatið leiðir í ljós að vinna þurfi til umbóta starfshátta.

Í sjálfsmatsskýrslu (Árskóli, 2010c) virðist skjóta upp kollinum ákveðin þverstæða milli orða og gerða innan skólans. Slík þverstæða er í sjálfu sér ekki óeðlileg, kennarar hafa sterka sýn á hvert þeir vilja ná og yfirsést í mati sínu hvar þeir eru staddir á þeirri vegferð. Á þessu hafa skólastjórnendur haft skilning því þeir hafa verið óragir við að fá utanaðkomandi aðila til að skoða og benda á. Það sjónarmið kom sterkt fram í öllum viðtölum sem úttektaraðilar áttu, að starfsfólk skólans myndaði eina heild og engin aðgreining væri á milli starfshópa. Hins vegar eru í sjálfsmatsskýrslu kynntar m.a. tvær þróunaráætlanir sem niðurstaða úr mati (Árskóli, 2010c bls. 25 og 30–31). Önnur lýtur að *samvirkni kennara* en hin að *þátttöku starfsfólks í starfi skólans*. Í fyrri verkefninu má velta fyrir sér aðkomu annars starfsfólks að kennslu og hvort ekki sé þörf að gera ráð fyrir þeim í samvirkninni? Í seinna verkefninu vakna spurningar við verkþætti eins og „ tryggja þarf að allt starfsfólk þekki hver sameiginleg sýn skólans er á góða menntun“, og „áætla rýmri tíma til samstarfs, teymisvinnu og undirbúnings“, líka „gæta þarf að því að leita eftir skoðunum starfsfólks“ og að síðustu „stuðningsfulltrúar þurfa að hafa náðið samstarf við kennara ef þeir eiga að geta sinnt því sem þeim er falið“. Ekki verður annað séð en að þessi dæmi um verkþætti í þróunarverkefninu *Þátttaka starfsfólks í starfi skólans*, gætu fallið undir þróunarverkefni um aukna samvirkni starfsfólks innan skólans. Þetta vekur spurningar um hvort framkvæmd sjálfsmatsins sé nægilega vel ígrunduð áður en lagt er af stað í verkefnið og hvort niðurstöður sjálfsmats og áætlun um umbætur á grundvelli þess þarfnist ekki dýpri ígrundunar og útfærslu.

Kennarar og annað starfsfólk

Við Árskóla starfa 42 grunnskólakennarar í 38 stöðugildum auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, námsráðgjafa (0,7 stöðug.) og kennsluráðgjafa (0,6 stöðug.). Tveir leiðbeinendur eru í fullu starfi við skólann, annar þeirra hefur starfað við skólann frá 1978 en hinn er í réttindanámi og lýkur því í desember 2010. Auk leiðbeinendanna tveggja eru þrír stundakennarar án leyfisbréfs, sem kenna samtals 8 vikustundir í valgreinum 9. og 10. bekkjar. Úr hópi kennara hafa verið valdir þrír kennarar til að annast deildarstjórn á hverju hinna þriggja stiga skólans. Auk þeirra eru ráðnir deildarstjórar yfir námsver, sérkennslu og Árvist sem er skólavistun fyrir yngstu börnin að skóla loknum.

Aðrir starfsmenn við Árskóla eru 32 talsins í 16 stöðugildum auk 12 starfsmanna í 6,6 stöðugildum í Árvist. Starfsheiti og stöðugildi annarra starfsmanna eru sem hér segir (Tafla 6):

Tafla 6: Starfsheiti og stöðugildi annarra starfsmanna Árskóla.

St.g.	Starfsheiti	St.g.	Starfsheiti	St.g.	Starfsheiti
1,0	Húsvörður	1,0	Skólaritari	1,0	Skólasafnskennari
4,0	Skólaliði	1,7	Þroskaþjálfari	6,2	Stuðningsfulltrúi
2,5	Stuðn.fltr. í námsv.	1,9	Flokkstjóri	2,0	Matráður
1,8	Skólaliði í eldhúsi	1,0	Matráður í Árvist	5,6	Starfsmenn í Árvist

Mjög lítil starfsmannavelta hefur verið í Árskóla undanfarin fimm ár u.þ.b. 2–4% í kennarahópnum, 8–10% í skólaliðahópnum og 1–2% meðal annarra starfsmanna.

Menntun og endurmenntun

Í Árskóla er mikil áhersla lögð á hvers konar þróunar- og umbótastarf og skilningur er á því meðal skólastjóra og kennara að endur- og símenntun er grundvöllur þess svo og hvers konar ráðgjöf. Í tengslum við þróunarverkefni sem skólinn hefur unnið að hafa verið fengnir sérfræðingar til að annast fræðslu í ýmsu formi fyrir starfsfólk. Skólastjórnendur hafa einnig sterka sýn á að efla megi mannauðinn innan skólans með því að starfsmenn miðli af þekkingu sinni og reynslu hver til annars. Sérhverjum nýjum kennara sem ráðinn er til starfa er fenginn faglegur stuðningur og annast hann deildarstjóri þeirrar deildar, sem viðkomandi kennari tilheyrir. Hann tekur á móti kennaranum í upphafi starfs og kynnir honum skólann og starfsumhverfið og styður hann með ýmsu móti inn í hið nýja starf.

Í lögum um grunnskóla er mælt fyrir um að hver skóli móti áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Jafnframt segir þar að kennarar og skólastjórar grunnskóla skuli eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Í Árskóla hefur að sögn skólastjóra ekki verið gengið frá formlegri símenntunaráætlun fyrir starfsfólk skólans en hins vegar hefur skólinn óskað eftir því við kennara að þeir gerðu sínar áætlanir um endurmenntun í ljósi áherslna skólans hverju sinni. Þessar áætlanir kynna kennarar skólastjóra. Í samtali við kennara lýstu þeir fjölbreyttri endurmenntun, s.s. reglubundnum ferðum á ráðstefnur eða fræðslufundi erlendis, framhaldsmenntun kennara í háskólum innanlands, námskeiðum og fræðslufundum innanlands af ýmsu tagi. Kváðu þeir að af hálfu skólastjórnenda væri mjög ýtt undir endurmenntun starfsfólks.

Skipulag skólstarfs

Í Árskóla er mikil áhersla lögð á að skólinn myndi eina starfsheild, allir eru þátttakendur í ákvörðunum er varða skólstarfið og rödd hvers og eins jafnrétt há. Sjálfsmatið skipar stóran sess í ákvörðunum í skólanum og er límið í skólstarfinu að mati skólastjóra. Ef grunur leikur á að eitthvað sé að fara úrskaiðis er sá þáttur umsvifalaust tekin til mats með gæðagreinum þar sem kennarar og annað starfsfólk ræðir saman og leitar niðurstöðu og úrbóta ef á þarf að halda. Á grundvelli niðurstaðna eru ákvarðanir teknar og starfsfólk á þann hátt virkjað í ákvörðunarferlinu.

Að mati skólastjóra hefur þetta hjálpað kennurum til aukinnar fagmennsku. Samræðan er fagleg og hefur áhrif á starfsandann og faglegt starf innan skólans. Þessu viðhorfi til samstarfs er lýst í skólanámskrá en þar segir m.a.:

Allt skólstarfið byggir á samstarfi kennara. Kennsla hvers og eins er ekki einkamáll heldur varðar skólann í heild. Kennarar þurfa að verja töluverðu af undirbúningstíma sínum í samstarf við aðra kennara og starfsfólk. Þeir koma sér saman um samráðstíma á stundatöflu og skila til skólaritara til skráningar í stundatöflu. Kennarar vinna saman að skipulagi kennslu og skólstarfs, s.s. félagsmála, agamála og foreldrasamskipta (Árskóli, e.d.).

Auk samstarfs kennara í milli er mikilvægt að gott og traust samstarf sé á milli starfsfólks skóla og foreldra. Í aðalnámskrá segir að mikilvægt sé að aðilar skólasamfélagsins vinni vel saman að mótun þess og þeirra umgengnishátta sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan. Til þess að það gangi vel þurfi að ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið. Skólaráði er ætlað að vera vettvangur fyrir faglegt samráð aðila skólasamfélagsins. Fram kom í viðtali við kennara að þeir sakna kennararáðs, fannst það skilvirkara en skólaráð, sögðu að þar hefði verið hægt að varpa fram alls konar hugmyndum er varðaði innra starf og fá umræðu um þær. Töldu þeir það erfiðara í skólaráði þar sem bæði foreldrar og nemendur ættu fulltrúa. Þannig virðast kennarar vilja halda ákveðnum ramma utan um starf sitt og halda foreldrum utan hans.

Námsmat

Síðastliðin fjögur ár hefur verið unnið töluvert að því að þróa fjölbreyttar aðferðir við námsmat í Árskóla og hafa kennarar viðað að sér þekkingu um fjölbreyttar matsaðferðir. Í leiðsagnarmati skólans leggja bæði nemandinn og kennarinn mat á áhuga og virkni nemandans, samskipti, vinnubrögð og heimanám í hverju fagi auk þess sem þeir fá tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri. Að lokum metur hvor um sig styrkleika nemandans í náminu. Mælt er til þess að nemendur geri þetta heima með foreldrum sínum. Matið er svo nýtt sem samræðugrundvöllur á foreldrafundi þar sem kennari, foreldri og nemandi ræða saman um niðurstöður matsins. Tilgangurinn er fyrst og fremst að auka ábyrgð nemenda á eigin námi og gera matið einstaklingsmiðaðra með minni áherslu á hefðbundin próf og kannanir. Almennt töldu kennarar þetta form hafa tekist vel og kváðu þeir það hafa komið þeim á óvart hversu heiðarlegir nemendur voru í svörum í leiðsagnarmatinu. Þar þyrftu nemendur að ígrunda námslega stöðu sína og velta fyrir sér hvar þeir þyrftu að bæta sig. Það hefur í för með sér ákveðin markmið sem nemandinn sjálfur setti sér.

Námsárangur

Af hálfu skólastjórnenda er mikil áhersla lögð á að kennarar séu alltaf vakandi fyrir námsárangri. Kennarar virtust ekki hafa miklar áhyggjur af árangri nemenda skólans á samræmdum prófum og kváðu þau ekki stýrandi í starfinu. Almennt séð væri árangur nemenda í þeim góður. Um niðurstöður samræmdra prófa og erlendra samanburðar-

kannana væri mikið rætt í sjálfsmati skólans og litið til þess hvort eitthvað það væri í kennslu sem þyrfti að styrkja eða breyta. Mikilvægast fyrir skólann væri þó að skila frá sér heilsteypum persónum sem gætu tekið eigin ákvarðanir og varast neyslu vímuefna. Spurningin væri hvort betra sé að senda nemendur frá sér sem eru með 9 eða 10 í prófseinkunnum eða nemendur sem kunna að segja „nei“ og vita hverjir þeir eru. Þeir vildu að námið í Árskóla færði þeim sjálfsöruggari einstaklinga sem ættu auðveldar að taka á mótlæti. Kváðu þeir foreldra ánægða með hversu börnum þeirra gengi vel í framhaldsskóla eftir nám í Árskóla.

Nemendur

Aðspurðir um lýðræði í skólastarfinu vísa kennarar til fjölbreytts vals í námi nemenda, einkum í 9. og 10. bekk. Að þeirra sögn er unnið að því að auka lýðræði í skólastarfinu og hefðu kennarar farið í heimsókn í Vogaskóla til að kynna sér unglíngalýðræði. Starfinu miðaði þó hægt. Einn liðurinn í þróunarverkefninu *fagmennska kennara* miðar að því að auka tækifæri nemenda til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um kennslu og kennsluhætti en að því verður unnið á næstu misserum. Þá er leiðsagnarmatið einnig liður í þessu markmiði.

Kosningar fara fram í unglíngadeildum í nefndir og ráð og þá er ákvörðun um leikverk ársins tekin á lýðræðislegan hátt með kosningu. Kosið er um ýmislegt meðal nemenda t.d. um myndverk sem hengja á upp. Þá fá nemendur að koma með hugmyndir um þemu á þemadögum. Á þennan hátt telja kennarar sig leitast við að gefa nemendum tækifæri til lýðræðislegrar þátttöku í skólastarfinu. Nemendur koma hins vegar ekki að ákvarðanatöku um skólastarfið að öðru leyti en með aðild sinni að skólaráði þar sem þeir eiga sína fulltrúa.

Jafnrétti

Jafnréttisstefna skólans hefur ekki verið formlega mótuð. Kennarar segja að í fljótu bragði virðist vera jafnræði á milli drengja og stúlkna í skólanum. Allar valgreinar eru í boði bæði fyrir stelpur og stráka. Engin mismunun er að þeirra mati á milli stráka og stelpna. Kynin hafa jöfn tækifæri, ekki sé verið að mismuna þeim með neinum hætti. Erfitt sé hins vegar að skýra námslegan mun á milli stráka og stelpna, það sé þjóðfélagslegt vandamál. Kennarar töldu sig meðvitaða um að koma til móts við hvern og einn og staða fatlaðra innan skólans væri alveg til fyrirmyndar. Þeir fengju tækifæri til menntunar eins og aðrir nemendur skólans. Fötluðum nemendum er blandað í bekk eftir því sem hægt er.

Samantekt og mat

Árskóli býr að miklum mannauði. Starfsmannahópurinn er kraftmikill og hefur mikinn vilja til að vinna að stöðugum umbótum og þróun á skólastarfinu. Skólastjórnendur hafa góðan skilning á mikilvægi þess að rækta sem best mannauðinn með náms- og kynnisferðum innanlands og utan og hefur *Sáttmálasjóður* nýst vel í slíku starfi. Starfsumhverfið er opið og hispurslaust og eru kennarar og annað starfsfólk órægt að koma með ábendingar og tillögur um atriði sem betur mega fara og eru beinlínis hvött til þess. Samheldni og samvirkni ríkir innan starfshópsins og æ meiri skilningur er á gildi sameiginlegrar ábyrgðar gagnvart því starfi sem fram fer í skólanum.

Í skólanum er unnið að því að auka þátttöku foreldra í skólastarfinu en enn virðist gæta ákveðins vilja innan kennarahópsins að ramma starf sitt af og halda foreldrum utan við það í stað þess að líta á nám og kennslu sem sameiginlegt viðfangsefni foreldra og kennara.

Nemendur

Líðan

Almennt virðist nemendum líða vel í Árskóla. Í viðhorfskönnun segja 87% nemenda að þeim líði vel í skólanum og 7% segja að þeim líði illa. 87% svara því til að þeim finnist skólinn sinn góður (Árskóli, 2010a). Í samtali við nemendur sögðu þeir skóla-brag einkennast af því að flestir væru áhugasamir og virkir, bæði nemendur og kennarar. Þótt nemendur séu áhugasamir er munur á því hversu mikinn áhuga þeir hafa á náminu, sumir vildu læra mikið en aðrir minna. Samfélagið væri lítið og allir þekktust vel.

Aðspurðir sögðust nemendur ekki mikið verða varir við einelti í skólanum, það hefði minnkað. Eldri krakkar lögðu í einelti, sögðu þeir, en núna væri enginn í 10. bekk sem stríddi yngri krökkum. Sögðu þeir skólann vinna mjög hart á móti einelti, með fræðslu og forvarnarfundum. Þá væri skólinn þátttakandi í Olweusaráætluninni sem þeir kváðust þekkja. Afstaða nemenda sem rætt var við er ekki í fullu samræmi við það sem fram kemur í viðhorfskönnun að þessu leyti en þar segja um 16% nemenda að einelti sé nokkuð mikið í skólanum (Árskóli, 2010a). Ljóst er að kennarar og stjórnendur hafa nokkrar áhyggjur af þessum vágesti því mikil áhersla er á meðal starfsmanna að vera á varðbergi og grípa strax inn í ef vart verður við ofbeldi af þessu tagi.

Aftur á móti töldu nemendur það væru mjög margir sem ekki fylgdu skólareglum. Skólareglur eru kynntar í skólanámskrá og þá eru þær sýnilegar öllum nemendum í skólanum. Í skólanámskrá er jafnframt fjallað um agamál en þar er lögð áhersla á að aðgerðir við agabrotum séu samræmdar og að sambærileg mál séu meðhöndluð á sama hátt. Kennurum ber að skrá öll samskipti vegna agabrota í dagbók nemandans í *Mentor* (Árskóli, e.d.). Nemendur kváðu sig hafa fengið fræðslu um skólareglur þegar þeir voru yngri en minna væri um þær talað núna. Ef mikið ber á brotum þá talar umsjónarkennari við nemandann. Ef það dugar ekki þá fer nemandinn á fund deildarstjóra og foreldrar eru látnir vita um agabrotið. Aðspurðir kváðu nemendur að refsing fælist í því þegar hringt er heim og foreldrar látnir vita um framkomu þeirra.

Jafnrétti

Nemendur töldu að bæði kyn hefðu jöfn tækifæri innan skólans. Tækifæri gæfist til að ræða um jafnrétti í lífsleiknitímum. Valgreinar í 9. og 10. bekk væru ekki sniðnar að öðru kyninu en þær þyrftu að vera fjölbreyttari. Stelpur hafa jafn mikið val og strákar og strákar jafnmikið og stelpur. Sögðu þeir það gerast stundum að of margir sæktu um einhverja greinina og þá kæmust ekki allir að, þannig skertist um valmöguleikann. Mikilvægt væri að fækka ekki valgreinastundum en auka mætti framboð verklegra tíma.

Kennsla og námsmat

Nemendur hafa ekki fengið kynningu á stefnu skólans. Sumir hafa lesið hana á netinu. Skólanámskrá er ekki kynnt nemendum. Hins vegar sögðu nemendur að kennarar kynntu þeim námsáætlun vetrarins í upphafi skólaárs og gerðu þeim grein fyrir áherslum í námi og kennslu. Kennarinn kynnir hvað nemendur þurfa að kunna fyrir lokapróf. Þau könnuðust hins vegar ekki við að markmið hafi verið rædd við þau. Ef kennari sér að nemandi er orðinn á eftir þá gerir hann áætlun með nemandanum um hvernig hann getur náð að komast yfir það efni sem hann á að fara yfir.

Nemendur þeir sem við var rætt voru allir úr eldri deildum skólans og móttast afstaða þeirra til náms og kennslu af því. Þeir kváðu kennsluaðferðir í Árskóla fjölbreyttar en þó mismunandi eftir kennurum. Aðferðirnar væru hins vegar misáhrifamiklar. Þörf væri á því að gera meira uppbrot í kennslutímum ekki væri gott að nemendur ynnu við sömu viðfangsefnin allan kennslutímann. Mikilvægt væri að ganga svo frá að námið höfði til nemenda. Sögðu þeir mjög mismunandi hvort nemendur fengju að vinna saman í kennslustundum, oftast væri þó um einstaklingsnám að ræða eða töfluvinna. Nemendum sem sitja hlið við hlið væri þó stundum leyft að færa sig saman til að vinna saman.

Almennt virtust nemendur ánægðir með notkun hins nýja leiðsagnarmats við námsmat þó að á því beri að mati foreldra að nemendur líti svo á að það skipti ekki máli hvað þeir skrifa um nám sitt það sé afstaða kennarans sem ræður. Þeir sem þannig líti á skrifi frekar í mat sitt það sem þau telja að sé álit kennarans fremur en að setja fram einlægt og heiðarlegt sjálfsmat. Nemendur álitu að matið fæli í sér tækifæri fyrir nemandann að setja sín markmið í náminu með aðstoð kennarans í ljósi umsagnar leiðsagnarmatsins. Þar sem nemandinn er aðili að umsögninni verður hann óhjákvæmilega þátttakandi í markmiðssetningunni sem er jákvætt fyrir hann og eykur lýðræðislegt samstarf nemandans og kennarans um námið. Í gegnum leiðsagnarmatið geta nemendur sagt skoðun sína á kennslunni. Ef nemandinn setur slíka athugasemd í leiðsagnarmat þá á kennarinn að ræða við nemandann einslega um það. Töldu þau þó ekkert vandamál fyrir nemendur að koma slíkum athugasemdum á framfæri. Kennarar settu sig ekki á móti því en meiri spurning væri hvort nemendur treystu sér til að setja slíkar athugasemdir fram og rökstyðja.

Samskipti við starfsfólk

Nemendur sögðu auðvelt að bera sig upp við umsjónarkennara. Ef hann er ekki til staðar er hægt að tala við ritara og fá tíma hjá umsjónarkennara, einnig væri hægt að hitta á hann og fá tíma til fundar með honum. Kváðust þau ánægð með umsjónarkennaraformið. Umsjónarkennari hefur 10 mín á hverjum morgni með nemendum sínum þar sem farið er yfir komandi starfsdag og ýmis mál rædd sem á döfinni eru. Þar gefst nemendum tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri eða bera upp mál við umsjónarkennara sinn.

Nemendur kváðu almennt gott að leita til kennara og annars starfsfólks skólans. Almennt leituðu þau þó síður til skólaliða eða annars starfsfólks heldur fyrst og fremst til kennara. Ef þau þyrftu að leita til einhvers stjórnandanna færu þau frekast til deildarstjóra eða aðstoðarskólastjóra með mál fremur en skólastjóra. Einstaka sinnum segja þau skólastjóra koma inn í kennslustundir, þá oftast með tilkynningar til nemenda eða kennara. Þeir gera sér ekki ferð í kennslustofur til að fylgjast með kennslu. Deildarstjórar kæmu frekar inn í þeim tilgangi en skólastjóri. Skólastjórar eru hins vegar oft sýnilegir á göngum og gefa sig á tal við nemendur. Fannst nemendum það mikilvægt.

Félags- og tómstundastarf í skólanum

Hver umsjónarkennari heldur utan um félagsstarf síns bekkjar. Hann skipuleggur bekkjarkvöld, litlu jól og árshátíðir, gjarnan með foreldrum. Bekkjarkvöld eru haldin að lágmarki tvisvar á ári í öllum árgöngum og koma tengiliðir bekkjanna úr hópi foreldra gjarnan að þeim.

Hver árgangur 1.–4. bekkjar heldur árshátíð í mars. Umsjónarkennarar sjá um allan undirbúning og eru sýningar haldnar í Bifröst. Jólatrésskemmtun er haldin fyrir nemendur yngsta stigs í Árskóla við Freyjugötu síðasta kennsludag fyrir jólafrí. Árs-

hátíð 5.–7. bekkjar er haldin eftir jól. Umsjónarkennarar aðstoða nemendur við allan undirbúning. Ágóði af innkomu rennur í ferðasjóð 7. bekkjar sem safnar fyrir vorferðalagi. Árshátíð 8.–9. bekkjar er haldin fyrir jól. Umsjónarkennarar aðstoða við undirbúning. Ágóði rennur í ferðasjóð 10. bekkjar og aðstoða þeir í staðinn við sýningarnar. 10. bekkur setur svo upp eina stóra leiksýningu, leikverk í fullri lengd. Umsjónarkennarar aðstoða við undirbúning auk annarra starfsmanna. Ágóði rennur í ferðasjóð nemenda.

Allir bekkir fara í skólaferðalög á skólatíma, mislög eftir aldri nemenda, flest að vori. Yfirleitt er um dagsferðir að ræða nema í 7. og 10. bekk þar sem um 3–6 daga er að ræða. Auk þessara föstu liða í félagsstarfi nemenda eru ýmsir síðir og hefðir í skólafélaginu sem skólinn hefur lagt áherslu á að rækja. Þetta eru viðburðir eins og dansmaráðun, íþróttadagur, þorrablót og grillveisla, friðarganga í upphafi adventu, útgáfa tveggja skólablaða, Árbók nemenda 10. bekkjar o.fl. o.fl.

Skólaráð og nemendaráð

Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að nemendur skuli eiga tvo fulltrúa í skólaráði. Í Árskóla hefur orðið að ráði að formaður nemendaráðs sé jafnframt fulltrúi í skólaráði en hinn fulltrúinn er kosinn úr hópi nemenda 9. bekkjar. Nemendur sem við var rætt virtust hins vegar ekki hafa mikla þekkingu á hlutverki skólaráðs. Kváðu þau það ekki hafa verið kynnt í nemendaráði eða nemendum almennt.

Í 10. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um nemendafélög. Þar segir að við grunnskóla skuli starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal félagið fá aðstoð eftir þörfum. Það setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr. Lög þessi breyta ákvæðum eldri laga um grunnskóla þar sem kveðið var á um nemendaráð.

Breytingar hafa ekki verið gerðar í þessa veru í Árskóla, að nemendafélag kæmi í stað nemendaráðs. Enn er þar starfrækt nemendaráð sem skipað er þremur fulltrúum úr 10. bekk, einum úr hverri bekkjardeild, en 8. og 9. bekkur kjósa einn fulltrúa hvor. Nemendaráð skólans fundar reglulega. Að hausti er valið í nefndir á vegum ráðsins, s.s. ritnefnd og íþróttanefnd. Í nefndunum eru nemendur úr 8.–10. bekk. Umsjónarkennari 10. bekkjar vinnur með nemendaráði. Þegar ráðið fundar situr umsjónarkennari og deildarstjóri elstu deildar með ráðinu. Ráðið fjallar um hagsmunamál nemenda en starfsemi nemendaráðs snýst þó fyrst og fremst um félagsmál nemenda og fjáröflun fyrir ferðasjóð 10. bekkjar.

Samantekt og mat

Viðhorf nemenda til náms og kennslu í Árskóla er jákvætt. Almennt telja nemendur skólann sinn góðan, þeim líður þar vel og telja sig örugga í skólanum. Nemendur hafa skýrar skoðanir á kennslu sem ástæða er fyrir skólann að leggja hlustir við. Þeir vilja auka fjölbreytni kennsluáferða og gera meira uppbrót í kennslustundum. Skólinn virðist sér vel meðvitaður um að hlustað sé á raddir nemenda og áformar að vinna að þróun starfshátta þar sem nemendur fá þjálfun í að leggja mat á starf kennara (coaching).

Skólinn leggur mikla áherslu á forvarnarstarf, vinnur markvisst gegn stríðni og einelti í skólanum og ásamt öðrum skólum í sveitarfélaginu, frístundadeild, íþróttahreyfingunni og foreldrum í Skagafirði er hann þátttakandi í *Vinaverkefninu* sem hefur það m.a. að markmiði að efla samstarf og samkennd allra þeirra er koma að uppeldi barna og unglunga og búa börnum og unglungum hvetjandi umhverfi.

Skólinn hefur skýra skilgreiningu á starfi umsjónarkennara og hefur styrkt hlutverk hans í samskiptum við nemendur. Með tíu mín. samveru í upphafi hvers kennsludags gefst umsjónarkennurum tækifæri til að fara yfir dagsáætlunina og stuðla að traustari tengslum milli sín og nemenda. Umsjónarkennarar hafa samvinnu við foreldrafulltrúa árgangsins um ýmis atriði félagsstarfs í skólanum og mikil áhersla er lögð á þátttöku nemenda í fjölbreyttu starfi. Skólinn hefur lagt mikið upp úr leiklistarstarfsemi og á hverju ári hafa allir nemendur skólans fengið að stíga á leikskvið. Það eykur sjálftraust og sjálfsöryggi nemenda og þjálfar þau í framkomu og framsögn.

Mikil áhersla hefur verið lögð á lífsleiknikennslu í skólanum þar sem nemendur fá góða fræðslu um jafnréttismál og að mati fræðslustjóra og fræðslunefndar væri áberandi hve góður vinskapur væri á milli kynja í skólanum. Á undanförunum misserum hefur skólinn unnið að því að auka þátt nemenda í eigin námi í gegnum leiðsagnarmat skólans. Ástæða er fyrir skólinn að skoða hvort ekki megi útfæra leiðsagnarmatið frekar þannig að í símatinu verði nemendum gefið tækifæri til að leggja mat á eigið vinnuframlag og frammistöðu við úrlausnir viðfangsefna. Leiðsagnarmatið skapar tækifæri til umræðna kennara og nemanda um markmið og leiðir í náminu. Um leið er nemandinn orðinn virkari þátttakandi og ábyrgari gagnvart eigin námi.

Með aðild að skólaráði er nemendum fengið tækifæri til að láta í ljós skoðanir sínar á ýmsum málum í starfi skólans og hafa áhrif á skipulag hans og vinnubrögð. Nauðsynlegt er að skólinn veiti nemendafulltrúunum sem mesta aðstoð og fræðslu um þátttöku í skólaráði þannig að seta þeirra verði ekki nafnið tómt. Nemendafulltrúarnir þurfa að læra leiðir hvernig þeir geta komið á framfæri við umbjóðendur sína upplýsingum svo og sótt til þeirra ráð og afstöðu.

Þátttaka foreldra í skólastarfinu

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.

Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Mynd 7: 9. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla er áhersla lögð á samstarf heimilis og skóla. Þar segir að menntun og velferð nemenda sé sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Mesta áherslu beri að leggja á samstarf heimils og skóla um hvern einstakling, nám hans og velferð og heimili og skóla sem vettvang menntunar. Einnig ber að leggja áherslu á samstarf í einstökum bekkjardeildum eða samkennsluhópum og árgöngum bæði um nám, velferð nemenda, bekkjaranda og meginviðmiðanir í uppeldisstarfi skólans (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti, 2006).

Að mati foreldra hefur námsárangur verið ágætur í Árskóla en mest virði væri að skólinn virtist skila af sér félagslega sterkum einstaklingum. Lítið væri um „óreiðu eða drykkjuskap á nemendum.“ Skólinn kemur ágætlega út á samræmdum prófum en hann gerði ekkert í því að kynna þær niðurstöður í foreldrahópinn. Æ minni áhersla væri lögð á próf í skólastarfinu en í stað stuðst við símat.

Foreldrafélag

Í Árskóla er starfandi foreldra- og starfsmannafélag. Í lögum félagsins segir að heiti þess sé Foreldrafélag Árskóla og tilgangur þess að vinna að heill og hamingju nemenda og styrkja skólann í hvívetna ásamt því að styrkja tengsl heimila og skóla. Félagið hafa foreldrar eða forráðmenn nemenda og starfsmenn skólans. Stjórn félagsins skipa sjö aðilar, þar af sex fulltrúar úr hópi foreldra, tveir frá hverju stigi og einn starfsmaður skólans. Stjórn er kosin á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn (Lög Foreldrafélags Árskóla, e.d.).

Þar sem lög félagsins taka mið af lögum um grunnskóla frá 1995 tilgreina þau hvernig staðið skal að kjöri í foreldraráð. Breytingar á grunnskólalögum 2008 höfðu í för með sér að foreldraráð voru lögð af en í staðinn kveðið á um að við hvern skóla starfaði foreldrafélag sem setja skyldi reglur um kjör fulltrúa foreldra í skólaráð. Lög Foreldrafélags Árskóla hafa ekki verið endurskoðuð í ljósi þessara breytinga og því engar reglur til um hvernig skuli staðið að kjöri í skólaráð af þess hálfu. Kjörið hefur hins vegar verið framkvæmt þannig að lýst er eftir framboðum foreldra í ráðið á aðalfundi félagsins og kosið milli þeirra sem bjóða sig fram. Að sögn hefur ekki mikið kapp verið milli foreldra um sætin í skólaráði. Auk fulltrúanna tveggja hefur skólaráð ákveðið að velja viðbótarfulltrúa foreldra í stað fulltrúa grenndarsamfélags og að hann komi úr stjórn foreldrafélagsins til að styrkja tengsl milli þess og skólaráðs. Kís stjórn þennan fulltrúa sinn í ráðið.

Að sögn foreldra lætur félagið sig fyrst og fremst varða aðbúnað nemenda. Lítil umræða er um innra starfið og kváðust þeir líta svo á að það sé ekki þeirra umræðuefni. Miklu fremur er fjallað um ýmis félagsleg mál nemenda og aðbúnað skólans og stendur félagið á tíðum að fjáröflunum því tengdu. Engin umfjöllun hefur farið fram á vegum félagsins um skólanámskrána sem slíka.

Í viðhorfskönnun var leitað upplýsinga hjá foreldrum hvort þeir væru ánægðir með störf foreldrafélags. Um 73% þeirra er svöruðu kváðust mjög eða fremur ánægðir með störf félagsins en athygli vekur að liðlega fjórðungur svaraði ekki spurningunni.

Það gefur tilefni til að ætla að það sé hópur sem ekki tekur þátt í starfi félagsins og kynnir sér ekki starfsemi þess (Árskóli, 2010b).

Þátttaka foreldra í skólastarfi og aðkoma að ákvarðanatöku

Í skólanámskrá Árskóla segir að markmið skólans sé að stuðla að og leggja rækt við gott samstarf milli heimila og skóla og auka þátttöku foreldra í skólastarfinu. Ennfremur segir að umsjónarkennarar boði á haustin:

...foreldra til sín og kynna þeim námsefni vetrarins og foreldrahandbók viðkomandi bekkjar eða árgangs. Þar gefst tækifæri til þess að ræða það sem á döfinni er í skólanum og annað það er fólki kann að liggja á hjarta (Árskóli, e.d.).

Til að mæta markmiði sínu hefur Árskóli ýmislegt gert til að auka aðkomu foreldra að skólastarfinu. Í hverri bekkjardeild eru tveir foreldrar tengiliðir milli skólans og foreldra. Þeir funda með umsjónarkennurum hvers árgangs nokkrum sinnum á skólaárinu. Á þeim fundum er sett upp dagskrá vetrarins í hverjum árgangi. Kvað skólastjóri það vera ýmislegt sem kennarar og foreldrar „brölluðu“ saman til að skapa aukna fjölbreytni í skólastarfinu fyrir nemendur. Þá hafa umsjónarkennarar samband við tengiliði þegar þeir vænta þátttöku foreldra í skólastarfinu en jafnframt hafa tengiliðir frumkvæði að samstarfi.

Enn eitt dæmið um þátttöku foreldra er *Vinaverkefnið*. Einn viðburðurinn í því eru bekkjarkvöld þar sem allir foreldrar eru boðaðir til fundar í skólanum ásamt börnum sínum. Foreldrar funda þá með kennurum en starfsmenn frístundasviðs Skagafjarðar, sem hefur umsjón með æskulýðs- og tómstundamálum í sveitarfélaginu, fara með nemendum og gera eitthvað til skemmtunar með þeim.

Að mati foreldra eru kennarar sanngjarnir og til í að hlusta á foreldra og vilja að þeir hafi samband ef þeim liggur eitthvað á hjarta. Foreldrar kváðu skýrar leiðir að fara komi upp vandamál eða ágreiningur. Auðvelt væri að hafa samband með tölvu-pósti og þá er *Mentor* góður samskiptamiðill. Í einstöku tilfellum virtist hins vegar eins og skólinn líta svo á að samskiptin væru í aðra áttina. Lýstu foreldrar fundi með kennara og barni með mál sem þarfnáðist úrlausnar. Kennari tók á móti umkvörtun en foreldri fékk ekki upplýsingar um úrlausn málsins af hálfu skólans.

Leiðsagnarmat er nýjung í skólastarfinu sem e.t.v. þyrfti að kynna betur í foreldrahópinn. Útfærsla skólans á matsforminu skapar foreldrum tækifæri til aukinnar aðkomu að námi nemenda og ákvörðunum þar að lútandi. Heyra mátti efasemdir meðal foreldra um matið en það hefur verulegar breytingar í för með sér á hefðbundnu námsmati þar sem að mestu leyti er stuðst við próf og einkunnir á bilinu 1–10.

Almennt virðast foreldrar ánægðir með samstarf við umsjónarkennara. Í viðhorfskönnun kemur fram að um 96% foreldra segir samstarfið við umsjónarkennarann gott og þar af segja 84% það vera mjög gott. Foreldrar segja að mjög vel gangi að ná sambandi við skólann þegar þeir þurfi á að halda og þeim finnst vel á móti þeim tekið ef þeir koma í skólann óboðnir, þ.e. á öðrum tímum en þeim sem skólinn boðar formlega til (Árskóli, 2010b).

Afstaða til þjónustu við fjölskyldur nemenda með sérþarfir

Að mati foreldra eru allir reiðubúnir til aðstoðar þegar vandi stöðjar að. Foreldrar segja kennara hafa mikinn vilja til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og leituðu leiða til að skapa nemendum sem best tækifæri til náms. Ef alvarlegur vandi kemur upp í kennslu er málinu vísað til nemendaverndarráðs. Foreldrum býðst að sitja fundi í ráðinu þegar fjallað er þar um barn þeirra. Í ráðinu eru lagðar línur um viðbrögð af hálfu skóla og sérfræðiþjónustu og foreldrum leiðbeint um hvað þeir geta

gert. Í viðhorfskönnun kemur fram að þeir foreldrar sem notið hafa þjónustu stoðkerfis skólans eru almennt ánægðir með þjónustuna (Árskóli, 2009).

Samantekt og mat

Foreldrar virðast almennt ánægðir með það starf sem fram fer í Árskóla. Þeir hafa jákvætt viðhorf til umsjónarkennara og segja samstarfið við hann gott. Þeir telja að barninu sé vel sinnt í skólanum, það fái yfirleitt að njóta sín og líði oftast vel. Foreldrar segja upplýsingar sem þeir fá um barnið sitt gagnlegar og samstarf við skólann gott.

Í ljósi þessarar jákvæðu afstöðu foreldra til skólans og þess starfs sem þar fer fram vekur athygli sú einstefna sem er í lýsingu skólans á foreldrasamstarfi í skólanámskrá. Samstarfið virðist að mestu á forsendum skólans. Skólinn kynnir foreldrum ákvarðanir sínar og gefur foreldrum kost á að ræða það sem þeim liggur á hjarta. Hann tekur ennfremur ákvarðanir um hvað það er sem foreldrarnir þurfa að fræðast sérstaklega um á skólafærninámskeiðum sem haldin eru fyrir foreldra nemenda í 1., 4. og 8. bekk. Þrátt fyrir ákvæði aðalnámskrár grunnskóla um samskipti heimils og skóla virðist skólanámskrá Árskóla ekki setja nám barnsins í forgrunn. Í stað þess að fjalla um samstarf um nám og kennslu nemenda tilgreinir skólinn að kennarar og foreldrar skulu gjarnan hafa samstarf um undirbúning jóla- og bekkjarskemmtana, ferðalög og vettvangsferðir (Árskóli, e.d.). Þetta styður það sem áður hefur komið fram í skýrslu þessari að kennarar virðast vilja setja ákveðinn ramma um sitt starf og halda foreldrum utan hans.

Í þessu ljósi er einnig áhugavert að skoða hversu ólíkar spurningar skólans eru til starfsmanna og foreldra í könnunum sem skólinn gerir meðal þessara hópa. Starfsmenn eru spurðir aðeins einnar spurningar um hvort hann/hún sé sátt(ur) við samskiptin við heimilin (foreldra/forráðamenn) en foreldrar eru spurðir ítarlega út í samstarf sitt við skólann, kynningarfundir og foreldraviðtöl, upplýsingar sem þeir fá í þessum samskiptum og hvort þeim finnst þeir fá tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum að. Ekki er leitað eftir mati kennara á þessum samskiptum eða formi samskiptanna en að sögn er ýtarlegra mat gert meðal kennara á samskiptum heimila og skóla í Gæðagreinum.

Þrátt fyrir þessa áherslu skólanámskrár hefur skólinn verið að þróa aðferðir til aukinnar þátttöku foreldra í námi barna sinna í gegnum *Mentor*. Þar gefst foreldrum m.a tækifæri til að leggja ásamt barni sínu mat á frammistöðu barnsins í námi. Þá kemur einnig fram í könnun meðal foreldra þeir séu ánægðir með samstarf sitt við skólann. Aðspurðir um foreldraviðtöl sögðust allir þeir er þátt tóku mæta í foreldraviðtöl þegar þau væru boðuð, þar fengju þeir upplýsingar um allt sem þeim fyndist skipta máli og töldu 93% foreldra sig geta tekið upp öll þau mál sem þeir hefðu áhuga á að ræða í foreldraviðtölunum. 7% töldu hins vegar sig ekki geta það eða svöruðu spurningunni ekki (Árskóli, 2010b).

Sérfræðipjónusta sveitarfélagsins

Grunnskólar eiga að taka við öllum börnum og er skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt. Allir nemendur eiga rétt á námi við hæfi í grunnskólum. Sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum. Stefna stjórnvalda er sú að fatlaðir nemendur stundi nám með öðrum nemendum eftir því sem kostur er. Á grunnskólastigi eiga allir nemendur rétt á að stunda skyldunám í heimaskóla nema foreldrar og sérfræðingar skóla meti aðstæður nemandans þannig að honum sé fyrir bestu að vera í sérskóla eða heilsu hans sé þannig farið að ekki verði komist hjá vistun fjarri heimili. (Aðalnámskrá grunnskóla, 2006)

Svo skólinn geti sem best rækt þetta hlutverk sitt mæla lög (nr. 91/2008) fyrir um að sveitarfélög skuli tryggja grunnskólum sérfræðipjónustu, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í sérfræðipjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra. Markmiðið er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Þjónustan skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á (Reglugerð nr. 584/2010).

Fræðsluþjónusta Skagafirðinga

Fræðsluþjónusta Skagafirðinga er starfrækt innan fjölskyldusviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar en auk hennar tilheyra sviðinu félagsmálasvið og frístundasvið. Fjölskylduþjónustan veitir heildstæða og samþætta þjónustu m.t.t. þarfa íbúanna. Leiðarljós Fræðsluþjónustunnar er:

- Að skapa og viðhalda skólaumhverfi sem býr nemendur leik- grunn- og tónlistarskóla undir að takast á við ólíkar aðstæður í síbreytilegu samfélagi.
- Að skapa skólasamfélaginu í Skagafirði kjöraðstæður fyrir metnaðarfullt og framsækið skólastarf.
- Að laða fram og nýta vel mannauðinn í samfélaginu.
- Að skapa öllu starfsfólki skólanna vettvang til starfsþróunar og stuðla að aukinni samvinnu á milli skólastiga og skólastofnana.
- Að hafa jafnan á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki sem leggur áherslu á að vinna með starfsfólki skólanna í anda skólastefnu sveitarfélaganna í Skagafirði (Starfsáætlun Fræðsluþjónustu, 2010).

Þegar litið er á gögn vekur athygli að Fræðsluþjónustan hefur ýmis nöfn. Á vef þjónustunnar er hún nefnd Skólaskrifstofa Skagafirðinga í Gæðagreinum II er hún nefnd Fræðsluskrifstofa og þá kom fram hjá fræðslustjóra að unnið væri að því að festa heitið, Fræðsluþjónusta Skagafirðinga á stofnunina. Meðal hlutverka þjónustunnar er að veita skólum sveitarfélagsins sérfræðipjónustu, skipuleggja og styðja við fræðslu fyrir skólafólk og foreldra og stuðla að þróun og umbótum í skólastarfi. Í starfsáætlun þjónustunnar eru tilgreind ýmis verkefni skólaársins 2010–2011 varðandi fjármál og rekstur, stofnanir fræðslusviðs, mannauð og innra starf þjónustunnar. Meðal verkefna sem upp eru talin í tengslum við skólana eru innleiðing skólastefnu, gerð móttökuáætlunar, mánaðarlegir opnir fræðslufundir, innleiðing *Byrjendalæsis* og vinna við *Vinaverkefnið* (Starfsáætlun Fræðsluþjónustu, 2010).

Við Fræðsluþjónustuna starfar sálfræðingur, sérkennari, kennsluráðgjafi, uppeldis- og sálfræðiráðgjafi auk talkennara. Á vef hennar kemur fram að hún aðstoðar skóla Skagafjarðar við:

- að greina námsvanda nemenda
- athuganir og ráðgjöf vegna tilfinninga- og hegðunarvanda nemenda
- að skipuleggja og leita úrræða vegna náms og kennslu nemenda
- skipulagningu fræðslufunda og námskeiða fyrir skólafólk, foreldrafélög og aðra áætlanagerð og þróunarstarf skóla (Skagafjörður, e.d.).

Að sögn fræðslustjóra hefur hluti fræðsluþjónustunnar verið staðsettur úti í skólunum, en sérfræðingar, hvar sem þeir eru staddir, mynda faglegt teymi sem fundar hálfsmánaðarlega. Í Árskóla er staðsettur kennsluráðgjafi frá Fræðsluþjónustu í 60% starfi. Hlutverk hans er m.a. að vinna að sjálfsmati skólans með Gæðagreinum, þróunar- og nýbreytnistarf, endurmenntun, verkefnastjórn og teymisvinna, upplýsingamiðlun, úrvinnsla á könnunum og almenn kennsluráðgjöf. Virðast verkefnið býsna fjölpætt í ljósi starfshlutfalls. Að mati fræðslustjóra hefur þessi dreifing þjónustunnar reynst vel, gefur ákveðna yfirsýn og reynslu sem skilar sér til þeirra sem bundnir eru skrifborðsvinnu í þjónustunni.

Aldrei er hafist handa við einstaklingsgreiningu nema fyrir liggi skriflegt samþykki foreldra. Oftast eru það starfsmenn skólans sem leita eftir þjónustunni eða vísa foreldrum á hana, en einnig geta foreldrar að eigin frumkvæði leitað eftir þjónustu sérfræðinga fræðsluþjónustunnar. Að mati fulltrúa í skólanefnd þarf að gera þjónustuna aðgengilegri foreldrum án þess að fara í gegnum skólann.

Skimun

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir að margir nemendur með sértæka námsörðugleika eigi í erfiðleikum með að ná tókum á lestri. Til að koma til móts við þennan vanda og aðra námsörðugleika sé nauðsynlegt að meta sérþarfir nemenda með öflugri skimun og greiningu sem allra fyrst á skólagöngunni. Að sögn fræðslustjóra eru ekki lögð fyrir skimunarpróf í skólunum að frumkvæði fræðsluþjónustunnar en skólinn leggur fyrir slík próf. Í yngstu árgöngunum er lesskimunarprófið *Læsi* lagt fyrir nemendur og annast umsjónarkennarar fyrirlögnina ásamt stuðningskennara. *GRP 14h* er lagt fyrir í 9. bekk og þá styðst skólinn við *Talnalykil* til að skima fyrir um erfiðleika í stærðfræði svo og *Tove Krogh þroskaþróf* sem sérkennari skólans legur fyrir nemendur. Nýtur skólinn aðstoðar sérkennslufulltrúa fræðsluþjónustunnar við fyrirlögn prófanna og úrvinnslu.

Nemendaverndarráð

Í Árskóla starfar nemendaráð skv. lögum. Um hlutverk nemendaverndarráðs Árskóla er í skólanámskrá vísað til reglugerðar um nemendaverndarráð nr. 388/1996 þar sem segir að hlutverkið felist í að:

samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu, vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur (Reglugerð um nemendaverndarráð nr. 388/1996).

Foreldrar og/eða kennarar geta vísað málum nemenda sem eiga við náms-erfiðleika eða aðra erfiðleika að stríða til nemendaverndarráðs. Í ráðinu sitja skólastjórnendur, skólahjúkrunarfræðingur, umsjónarmaður sérkennslu, skólasálfræðingur og námsráðgjafi.

Nemendaverndarráð fundar vikulega og undirbýr skólastjóri fundina og gengur frá dagskrá. Þegar nemendaverndarráð fjallar um mál einstakra nemenda er umsjónarkennari hans boðaður til fundarins. Auk þess sitja fundi kennarar eða aðrir sem til eru kallaðir eða hafa óskað eftir að leggja mál fyrir ráðið. Foreldrum er gefinn kostur á að sitja fundi ráðsins þegar fjallað er um þeirra barn. Tilvísanir sem berast

nemendaverndarráði eru ræddar á fundum ráðsins og ákvarðanir teknar um hvernig skal taka á málum viðkomandi einstaklinga. Rík trúnaðarskylda er lögð á alla þá er koma að málum nemendaverndarráðs.

Eftirfylgni í framhaldi af greiningu

Niðurstöður greininga eru kynntar í nemendaverndarráði og þar er farvegur máls ákvarðaður. Ef á þarf að halda setur nemendaverndarráð upp áætlun fyrir viðkomandi nemanda og sérstakt teymi starfsmanna skólans sett til að fylgja henni eftir. Að slíkri áætlun geta komið fulltrúar í nemendaverndarráði svo og ráðgjafar fræðsluþjónustu og sérkennarar skólans. Mál nemandans eru ekki frekar til umfjöllunar í nemendaverndarráði nema að teymið óski þess sértaklega.

Ráðgjöf til kennara

Hlutverk Fræðsluþjónustunnar er að greina námsvanda nemenda og fjalla um hegðun- arvanda nemenda. Sérkennsluráðgjöf og sálfræðiþjónusta virðist þannig fremur beina sjónum sínum að greiningum og vanda nemenda en vanda skólans við að mæta þörfum nemenda og útfærslu á kennslu. Í samtali við fræðslustjóra kom fram að hún væri meðvituð um hina klínísku áherslu þjónustunnar, en áherslur skólans hefðu undanfarin ár snúist um að byggja upp jafningjastuðning innan skólans og faglegt samstarf sem mætti að hluta til ráðgjafarþörfinni innan skólans. Með fjölbreyttri fræðslu frá Fræðsluþjónustunni væri þó unnið að því að efla kennara í störfum svo þeir séu í stakk búnir að mæta þörfum nemenda. Hluti af starfinu er einnig að sá fræjum þróunar og umbóta svo kennarar finni þörfina og leiti sjálfir leiða til að eflast. Það er langtímaavinna en að mati fræðslustjóra kemur hvati breytinga innanfrá en ekki að utan.

Innan Fræðsluþjónustu Skagfirðinga starfar uppeldis- og sálfræðiráðgjafi sem hefur það hlutverk m.a. að styðja við foreldra í uppeldishlutverki sínu, veita ráðgjöf og fræðslu til þeirra, kennara og annarra starfsmanna um uppeldi barna og hegðunar- og tilfinningavandamál þeirra. Hann situr í nemendaverndarráði í Árskóla fyrir hönd Fræðsluþjónustunnar, er í stýrihóp um eineltisáætlun Olweusar og er tengill yfir til félagsþjónustunnar. Kvað skólastjóri gríðarmikinn feng af starfi þessa sérfræðings.

Auk ráðgjafar frá Fræðsluþjónustunni hafa deildarstjórar sérkennslu og deildarstjóri námsvers í Árskóla einnig með höndum ráðgjafahlutverk við kennara um útfærslu kennslu nemenda með sérþarfir í almennum bekkjum.

Sjúkrakennsla

Sjúkrakennsla við börn sem bundin eru sjúkrastofnunum er sinnt ef hún kemur upp og hefur fræðsluþjónustan forgöngu um slíkt mál. Sem dæmi um slíkt greindi fræðslustjóri frá kennslu barns er hafði orðið fyrir alvarlegu slysi og varð því að vistast á sjúkrahúsi um nokkurn tíma. Til að mæta kennslu barnsins og gefa því tækifæri til að komast í samskipti við bekkjarfélaga sína var stuðst við fjarkennslubúnað. Þannig gat barnið tekið þátt í athöfnum skólasystkina sinna og notið kennslu kennarans.

Skólaheilsugæsla

Heilsugæsla í Árskóla annast Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki og annast skólahjúkrunarfræðingur heilbrigðiseftirlit með nemendum og leiðbeinir þeim nemendum sem til hans leita. Hann hefur fastan viðverutíma í báðum skólahúsunum. Hann annast jafnframt fræðslu um heilsuvernd, s.s. næringu, svefn, líkamsrækt, hreinlæti og kynfræðslu. Eftirfarandi athuganir og mælingar eru gerðar hjá hverjum árgangi fyrir sig:

1. bekkur: Sjónpróf, heyrnarpróf, hæðar- og þyngdarmæling.
4. bekkur: Sjónpróf, hæðar- og þyngdarmæling.
7. bekkur: Sjónpróf, athugun á litaskyni, hæðar- og þyngdarmæling. Bólusetning fyrir mislingum, rauðum hundum og hettusótt (ein sprauta).
9. bekkur: Sjónpróf, heyrnarpróf, hæðar- og þyngdarmæling. Bólusett fyrir mænusótt, barnveiki og stífkrampa (tvær sprautur) (Árskóli, e.d.).

Nemendur í öðrum árgöngum eru skoðaðir ef ástæða þykir til. Þá fylgist skólaheilsugæsla einnig með því að börn hafi fengið þær bólusetningar sem tilmæli Landlæknisembættisins segja til um. Ef börn hafa ekki fengið fullnægjandi bólusetningar er haft samband við foreldra þeirra og úrbóta leitað. Flúorskolun í skólanum fer fram hálfsmánaðarlega í 1., 7. og 10. bekk.

Samantekt og mat

Ekki verður annað séð en að vel sé staðið að þeirri sérfræðipjónustu sem Árskóli hefur til boða, bæði innri stoðþjónustu skólans svo og ytri þjónustu sveitarfélagsins. Fræðsluþjónusta Skagfirðinga virðist vel mönnuð sérfræðingum á hinum ýmsu sviðum og veita fjölbreytta þjónustu. Dreifing þjónustunnar með þeim hætti sem Fræðsluþjónustan hefur gert með staðsetningu kennsluráðgjafa í skólunum er um margt áhugaverð og ljóst að hann hefur unnið ágætt starf innan Árskóla einkum við innleiðingu sjálfsmatsaðferða. Hefur ráðgjafinn beinlínis orðið talsmaður skólans um sjálfsmatið. Það vekur hins vegar upp spurningar um hvort ekki sé hætt á að ráðgjafinn fari að upplifa sig sem hluta af starfsliði skólans og sjáist yfir atriði sem ytri aðili kæmi auga á.

Það kemur fram í orðum skólustjóra að starfsmenn skólans eru mjög ánægðir með þá þjónustu sem fræðsluþjónustan býður þrátt fyrir það að þeir þurfi á tíðum að bíða helst til of lengi eftir niðurstöðum úr greiningum sérfræðinga. Athygli vekur hins vegar sú áhersla sem lögð er í starfsemi fræðsluþjónustunnar og tilgreind er á vef Fræðsluþjónustu Skagfirðinga og kynnt er í skólanámskrá (Árskóli, e.d.). Sérfræðingarnir eru sagðir fást við „erfiðleika sem upp geta komið hjá nemendum á grunnskólaaldri. Þetta geta verið vandamál tengd námi og skólagöngu eða heimili og fjölskyldulífi.“ Síðan eru gefin dæmi um slík vandamál sem starfsmenn Fræðsluþjónustu fást við. Hins vegar er ekki vikið að vanda skólans við að mæta ólíkum þörfum og aðstæðum nemenda.

Í lögum um grunnskóla er áhersla lögð á að nemendur eigi rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. Grundvallarviðmið í skólastarfi er jafnrétti til náms sem er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi. Í Aðalnámskrá grunnskóla 2006 er bent á að eitt mikilvægasta úrlausnarefni skóla og skólayfirvalda sé að finna leiðir til að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda, þ.e. veita nemendum menntun við hæfi hvers og eins. Þetta er viðamikilið og vandasamt verkefni og því ástæða til að ígrunda hvort klínísk áhersla fræðsluþjónustunnar styrki skólann sem faglega stofnun sem leyst geti flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veiti í því sambandi starfsfólki hans þá leiðbeiningu og aðstoð við störf sín sem við á. Örðugleikar nemenda í námi eru miklu fremur vandamál skólans en nemenda sjálfra, þ.e. faglegt viðfangsefni sem skólinn þarf að glíma við.

Mat og eftirlit sveitarfélagsins

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er það verkefni sett á sveitarfélög að annast ytra mat á gæðum eigin skóla. Engin leiðbeining hefur verið gefin til sveitarfélaga um hvernig að slíku mati skuli staðið né neinar viðmiðanir um gæði skólastarfs. Á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur verið unnið að því að móta einhverja leiðsögn um viðmið fyrir sveitarfélög við slíkt mat.

Áhersluatriði sveitarfélags í ytra mati

Samkvæmt upplýsingum fræðslustjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur ekki verið sett niður nein lína í héraði um ytra mat á gæðum starfs í skólum sveitarfélagsins. Sérkennslufulltrúi fræðsluþjónustunnar tekur þátt í vinnu Sambands íslenskra sveitarfélaga en ráðgert er að starfshópur á vegum samtakanna skili frá sér einhverjum línunum um hvernig sveitarfélög geta staðið að slíku mati. Niðurstöður þessa starfshóps munu leggja línur fyrir ytra mat Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Að sögn fræðslustjóra kallar Fræðsluþjónusta Skagfirðinga eftir ýmis konar gögnum frá skólum sem hluta af ytra mati sveitarfélagsins. Þetta eru gögn eins og skólanámskrár og starfsáætlanir skóla, upplýsingar um námsárangur úr samræmdum prófum og alþjóðlegum samanburðarkönnunum, niðurstöður úr sjálfsmati skólanna, upplýsingar um þróunarverkefni. Þá hefur fræðsluþjónustan upplýsingar er varðar rekstrarmál skólanna, samsetningu nemendahóps skólanna og fjöldatölur, upplýsingar um þjónustu við börn með sérþarfir o.fl. Úrvinnsla úr þessum gögnum hefur hins vegar ekki verið gerð með skipulegum hætti.

Árið 2008 samþykkti sveitarstjórn skólastefnu sveitarfélagsins. Í stefnunni kemur fram framtíðarsýn í fræðslumálum og markmið fyrir nám og kennslu, starfs-umhverfi og samskipti í skagfirskum skólum. Með hliðsjón af þessum markmiðum eru forsendur til þess að meta þau með *Gæðagreinum* sem hluta af ytra mati sveitarfélagsins og nýta fyrirbyggjandi gögn úr skólunum ásamt því að stofna rýnihópa til að fjalla um einstaka þætti og meta.

Allt er þetta enn á umræðustigi og ákvarðana að vænta í byrjun næsta árs hvaða form verður haft á ytra mati sveitarfélagsins að sögn fræðslustjóra.

Umræða og tillögur til úrbóta

Í úttekt þeirri sem hér hefur verið gerð hefur þess verið freistað að leggja mat á ákveðna þætti skólastarfs í Árskóla á Sauðárkróki með hliðsjón af lögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Í meginatriðum eru niðurstöður þær að í Árskóla fari fram metnaðarfullt og árangursríkt skólastarf. Eitt af markmiðum skólans er að gera skólann að aðlaðandi og hlýlegum vinnustað, þannig að nemendum líði vel og þeir öðlist þá tilfinningu að skólinn sé öruggur samastaður fyrir þá í leik og starfi. Niðurstöður benda eindregið til að vel hafi tekist til í starfi skólans að vinna að þessu markmiði. Nemendum líður vel í skólanum og þar er almennt hlúð vel að þörfum þeirra.

Árskóli varð til með sameiningu tveggja skóla árið 1998. Slíkar ákvarðanir eru ævinlega viðkvæmar og geta skilið eftir sár sem eru lengi að gróa. Ekki verður þó annað séð en vel hafi tekist til við að fella saman menningu skólanna tveggja, Barnaskólans og Gagnfræðaskólans. Mikil samheldni og eindrægni ríkir í starfsmannahópnum, allir eru þátttakendur í ákvörðunum er varða skólastarfið og rödd hvers og eins er jafnréttá. Viðkvæmasti þátturinn í starfi Árskóla eru húsnæðismál hans en skólinn býr við óviðunandi húsnæðiskost. Afar brýnt er að unnið verði að úrbótum fyrir skólann en þá fyrst verður hægt að tala um að sameining skólanna tveggja sé orðin þegar öll starfsemi Árskóla er komin undir eitt þak. Aðstöduleysi og þrengsli eru farin að há skólastarfinu, það setur vinnubrögðum kennara og skipulagi skólastarfsins skorður auk þess sem nemendur í eldri deildum eru afar óánægðir með þá aðstöðu sem þeim býðst utan kennslustofanna.

Stjórnun skólans virðist vel fyrir komið, starfsfólki er sýnt traust og þeim er falin forysta og ábyrgð. Skýr verkaskipting er á milli stjórnenda og aðgangur starfsfólks að stjórnendum er opinn og skólastjóri hvetjandi. Skólastjórar gæta þess að fundargerðir allra funda sem ekki eru bundnir trúnaði séu aðgengilegar í starfsmannahópnum og starfsfólk kynni sér þær. Skólaráð hefur verið kjörið í skólanum skv. lögum. Ráðið var virkt fyrsta starfsár sitt og fundaði reglulega, en einhverra hluta vegna hefur skólastjóri ekki fundið tilgang þess því ráðið hefur ekki enn fundað á skólaárinu. Þessu þarf að breyta og vinna að því að ráðið verði virkur farvegur fyrir sjónarmið hagsmunaaðila skólasamfélagsins inn í stjórnun skólans. Skólaráð þarf að hafa rödd við endurskoðun skólanámskrár, gerð starfsáætlunar og innleiðingu ýmissa nýrra ákvæða laga, reglugerða og aðalnámskrár sem enn eru ófrágengin af hálfu skólans. Með því móti gæti skapast skarpari stefnumótun og markmiðssetning fyrir starfsemi skólans. Í nýjum lögum er nemendum tryggð rödd í stjórnun skólans og áhersla lögð á að þau séu þjálfuð til lýðræðislegrar þátttöku. Í starfi skólans er margt gert sem styður undir þetta viðfangsefni en betur má ef duga skal og mikilvægt er fyrir skólann að ígrunda hvernig hann getur best stuðlað að því að rödd nemenda fái að hljóma í alvöru og af ábyrgð.

Árskóli hefur ekki lagt mikla vinnu í að formgera útfærslu sína á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat og starfshætti. Að sjálfsögðu eru skoðanir, gildi og markmið um þessa þætti rædd í skólastarfinu en meðan starfsmenn skólans koma sér ekki saman um sameiginlega útfærslu sem skráð er niður er hætt við að hlutir teygist og togist í ýmsar áttir. Skólanum ber skv. lögum að ganga frá útfærslu sinni í skólanámskrá og kynna öllum hagsmunaaðilum skólastarfsins. Á sama hátt þarf skólinn að setja upp starfsáætlun sína með formlegri hætti en nú er gert og hafa aðgengilega öllum þeim sem vilja kynna sér hana.

Gríðarmikil þróunar- og umbótaviðleitni ríkir í Árskóla. Mörg verkefni hafa verið unnin á grundvelli sjálfsmats skólans og önnur verkefni sem ýmist eiga upp-

sprettu sína meðal kennara eða stjórnenda. Með þróunarverkefninu *Fagmennska kennara* sem hafist var handa við á síðasta skólaári er sjónum beint að starfsháttum kennara. Sú ákvörðun skólans er sýnilega hárrétt þar sem úttekt ráðgjafa í verkefninu bendir til að á tíðum sé kennsla einsleit og hefðbundin. Samvinnu kennara og stuðningskennara eða stuðningsfulltrúa þarf að styrkja, auka frumkvæði frá nemendum í kennslunni og hvetja til aukinnar samkennslu kennara. Markvissar þarf að vinna með stefnu skólans að mæta hverjum einstaklingi í sínum bekk.

Í samvinnu við Fræðsluþjónustu Skagfirðinga hefur Árskóli skapað sér ákveðna sérstöðu meðal grunnskóla við innleiðingu sjálfsmatsaðferða í skólastarf sitt. Skólinn hafði forystu um að sækja sér þekkingu um sjálfsmat til skoska skólakerfisins og æ fleiri íslenskir grunnskólar beina nú sjónum að þessu athyglisverða starfi og leita eftir þýðingu skólans og Fræðsluþjónustu Skagfirðinga á *Gæðagreinum*, matskerfi HMI í Skotlandi. Ekki er að efa að matið hefur eflt faglega umræðu innan skólans og styrkt faglegt starf meðal kennara. Megin gildi sjálfsmats skóla er að gera gott skólastarf enn betra og fellur það því vel að þeirri umbótaviðleitni sem ríkir í Árskóla og mikilvægt er að ríki í stofnunum á borð við skóla. En til að matið skili raunhæfum umbótum þarf að ígrunda gaumgæfilega niðurstöðu þess og hvernig umbótatillögur eru reiddar fram og kynntar.

Samdráttur í efnahagslífi virðist ekki hafa bitnað hart á starfsemi Árskóla. Leitast hefur verið við að niðurskurður kæmi ekki niður á kennslu nemenda og að mati skólastjóra og kennara hefur það tekist vel. Hins vegar er málum svo komið að ekki verður gengið lengra í niðurskurði án þess að það muni bitna á kennslu. Dregið hefur verið saman í aðföngum og þá hefur öðrum störfum fækkað með því að ekki hefur verið ráðið í störf sem losnað hafa.

Í starfi og starfsháttum Árskóla felast margir styrkleikar en um leið má finna þar ýmsa veikleikar sem hægt er að vinna á. Á grundvelli niðurstaðna úttektarinnar er hægt að greina eftirfarandi styrkleika og veikleika í starfsemi skólans (Tafla 7).

Tafla 7: Styrkleikar og veikleikar í starfi Árskóla.

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> • Mikill faglegur metnaður í skólastarfinu og umbótavilji. • Skólinn eitt lærdómssamfélag. • Samstaða starfsfólks og stuðningur hvert við annað. • Opin og styðjandi stjórnun. • Deild stjórnunarábyrgð. • Sjálfsmat óaðskiljanlegur hluti faglegs starfs í skóla. • Jákvætt viðhorf foreldra til skólans. • Góður árangur skóla í samræmdu námsmáti. • Öflugt forvarnarstarf í samstarfi við aðra skóla í sveitarfélaginu, frístundaeildar, íþróttahreyfingarinnar og foreldra í Skagafirði. • Vel mönnum stöðþjónusta. • Öflug leiklistarstarfssemi. • Námsver fyrir nemendur með sértækar námsþarfir. 	<ul style="list-style-type: none"> • Húsnæðisaðstaða skólans. • Skólanámskrá ekki gerð í samræmi við lög. • Formleg starfsáætlun ekki verið gerð. • Tómlæti í viðbrögðum við breytingum á lögum og reglugerðum er varða skólastarf. • Stefna skólans ekki aðlöguð að stefnu sveitarfélagsins. • Skortir skarpari tengsl milli niðurstaðna sjálfsmats og skólaþróunarverkefna. • Jafnréttisstefna ekki verið sett. • Lög foreldrafélags ekki í samræmi við gildandi lög um grunnskóla. • Móttökuáætlun ekki frágengin. • Námsver fyrir nemendur með sértækar námsþarfir.

Tillögur að aðgerðum til úrbóta

- Mikilvægast úrlausnarefni fyrir Árskóla er endurbætur á húsnaði skólans. Gamla skólahúsið við Freyjugötu ásamt lausum kennslustofum er ekki boðlegt lengur sem kennsluhúsnaði. Samfara ákvörðun um viðbyggingu við skólann við Skagfirðingabraut þarf að gera nauðsynlegar endurbætur á húsnaðinu þar og auka svigrúm nemenda utan kennslustunda.
- Vinna þarf markvisst að því að virkja skólaráð.
- Skólinn endurskoði stefnu sína í ljósi nýrra laga og aðalnámskrár og stefnu sveitarfélagsins í skólamállum.
- Skólinn endurgeri skólanámskrá sína í samræmi við ákvæði laga. Þar skilgreini hann m.a. stefnu sína og með hvaða hætti hann hyggst útfæra áherslur aðalnámskrár s.s. um lýðræði og borgaravitund, jafnrétti til náms, jafna stöðu kynja, sjálfbærni til náms, nám og kennslu, námsmat, samskipti heimilis og skóla. Þó svo að kennarar telji að sammæli sé um alla þessa þætti í skólastarfinu er nauðsynlegt að skrá stefnuna niður, gera hana sýnilega þannig að hún sé raunhæfur grunnur náms og kennslu og sjálfsmati skólans.
- Skólinn vinni með markvissum hætti að því að styrkja fagmennsku kennara og fjölbreyttum vinnubrögðum í kennslu. Styrkja þarf samvinnu kennara og stuðningskennara eða stuðningsfulltrúa og stuðla að aukinni samkenndu kennara. Markvissar þarf að vinna með stefnu skólans að mæta hverjum einstaklingi í sínum bekk.
- Skerpa þarf á framsetningu sjálfsmatsskýrslu skólans.
- Viðhorfskannanir skólans séu mótaðar betur að stefnu og áherslum skólans.
- Unnið verði að því að auka þátttöku foreldra í innra starfi skólans.
- Skólinn ígrundi áherslur fræðsluþjónustunnar í ljósi stefnu skólans um kennslu barna með sérþarfir.
- Skólastjóri hvetji foreldrafélag til að endurskoða lög félagsins í ljósi nýrra laga um grunnskóla.

Lokaorð

Það hefur verið einkar áhugavert og ánægjulegt að rýna í starf og starfshætti í Árskóla. Í skólanum er ríkur umbótavilji og margt áhugavert að gerast. Skýrsluhöfundar vænta þess að þær ábendingar sem hér er komið á framfæri leiði til ígrundunar meðal hagsmunaaðila skólans um þá þætti sem hér er fjallað um og þær gagnist til þróunar starfs og umbóta í skólanum.

Skýrsluhöfundar þakka starfsfólki skólans, nemendum, stjórn foreldrafélags, fræðsluráði, fræðslustjóra og skólastjórnendum fyrir góðar móttökur og gott samstarf við gagnaöflun á meðan úttektinni stóð.

Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti.* (2006). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Árskóli. (e.d.) *Skólanámskrá Árskóla. Foreldrahandbók. Almennur hluti.* Sótt 25.10.2010 af http://www.skagafjordur.is/displayer.asp?cat_id=1154.
- Árskóli. (2007). *Könnun meðal allra starfsmanna.* Sótt 3.11.2010 af http://www.skagafjordur.is/default.asp?cat_id=4858.
- Árskóli. (2010a). *Könnun meðal nemenda í maí 2010.* Sótt 3.11.2010 af http://www.skagafjordur.is/default.asp?cat_id=4858
- Árskóli. (2010b). *Könnun meðal foreldra, nóvember 2009.* Sótt 3.11.2010 af http://www.skagafjordur.is/default.asp?cat_id=4858
- Árskóli. (2010c). *Sjálfsmatsskýrsla Árskóla júní 2010.* Sótt 3.11.2010 af http://www.skagafjordur.is/default.asp?cat_id=1193.
- Árskóli. (2010d). *Ársskýrsla Árskóla Skólaárið 2009–2010.* Sótt 3.12.2010 af http://www.skagafjordur.is/default.asp?cat_id=4858.
- Árskóli. (e.d.). *Skólanámskrá Árskóla. Kennarahandbók.* Sauðárkrúkur: Höfundur.
- Birna Svanbjörnsdóttir. (2010). *Fagmennska kennara. Þróunarverkefni í Árskóla skólaárið 2009–2010.* Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Fræðsluskrifstofa Skagfirðinga. (2007). *GæðagreinarII.* Þýð. Helga Harðardóttir og Þóra Björk Jónsdóttir. Sótt 8.12.2010 af <http://skolar.skagafjordur.is/gaedagreinar/Gaedagreinar2.pdf>.
- Fræðsluþjónusta Skagfirðinga. (2010). *Starfsáætlun fræðsluþjónustu.* Skagafjörður: Höfundur.
- Karl Fannar Gunnarsson og Sigurgrímur Skúlason. (2009). *Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2009.* Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Lög foreldrafélags Árskóla. (e.d.). Sótt 5.12.2010 af http://www.skagafjordur.is/displayer.asp?cat_id=1150.
- Lög um grunnskóla nr. 66/1995*
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.*
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.*
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (14. júlí 2010). *Drög að aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti.* Sótt 1. nóv. 2010 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar//nr/3953>.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (Maí 2010). *Mat á skólustarfi. Áætlun um ytra mat í framhaldsskólum, grunnskólum og leikskólum 2010-2012.* Reykjavík: Höfundur
- Reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 388/1996.*
- Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.*
- Skagafjörður. (2009) *Starfsmannastefna.* Sótt 6.12.2010 af http://www.skagafjordur.is/upload/files/STARFSMANNASTEFNA_ok.pdf

- Skagafjörður. (2007) *Jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Skagafjörður*. Sótt 6.12.2010 af <http://www.skagafjordur.is/upload/files/jafnrettisaaetlun2007.pdf>.
- Skagafjörður. (2006). *Sáttmáli til sóknar í skólamálum í Skagafirði*. sótt 5.12.2010 af http://www.skagafjordur.is/default.asp?cat_id=2027.
- Skagafjörður. (e.d.). *Skólaskrifstofa Skagfirðinga*. Sótt 3.10.2010 af http://www.skagafjordur.is/displayer.asp?cat_id=292